Heit og ljúffeng
HAMRABORG PIZZA
Hafnarstræti 7 - 456 3166

Láttu drauminn rætast – rafrænt
Íbúðalánasjóður
www.ils.is

Nýtt símanúmer Landsbankans á Ísafirði er
410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Miðvikudagur 28. júní 2006 · 26. tbl. · 23. árg.

Skutulsfjörður skartaði sínu fegursta í veðurblíðunni á sunnudag. Myndina tók Hilmar Örn Þorbjörnsson ofan af Kubbanum.

Breskir blaðamenn sjá mikla möguleika í vestfirskri ferðaþjónustu

Blaðamenn frá breskum útilífstímaritum voru á ferð um Vestfirði í síðustu viku til að kynna sér möguleika Vestfjarða til útivistar og hverskyns ævintýraferða. Ferðin var á vegum Markaðsstofu Vestfjarða og Ferðamálastofu Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem farin er kynningarferð með erlenda blaðamenn um Vestfirði gagngert til að kynna möguleika svæðisins til náttúruskoðana og ævintýraferða.

Farið var á Látrabjarg, gengið á Kaldbak og Drangajökul, gist í skútu í Leirufirði og Aðalvík og lauk dagskránni á sunnudag með kvöldverði í Vigur. Að sögn Jóns Páls Hreinssonar hjá Markaðsstofu Vestfjarða gekk ferðin vel og voru blaðamennirnir hæstánægðir og sjá þeir mikla möguleika á Vestfjörðum í útivist og ævintýraferðum.

Þá minntust þeir einnig á þann mikla fjölbreytileika sem svæðið hefur upp á að bjóða; fuglaskoðanir, jöklaferðir, fjallgöngur, siglingar o.s.frv. Dreifing blaðanna sem blaðamennirnir skrifa í nær samtals yfir 600 þúsund eintökum.

– smari@bb.is

Bresku blaðamennirnir hjóla fyrir Svalvoga. Ljósm: Rúnar Óli Karlsson.

Samkaup úrval
OPIÐ:
virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS"
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER
EIMSKIP | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is
VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS 525 7800

Hollvinasamtök Núpsskóla stofnuð

Hollvinasamtök Núpsskóla voru stofnuð á laugardag en í ár eru 100 ár liðin frá því að skólinn var stofnaður. Þá var einnig reist flaggstöng í fánalitunum við skólann í til að fagna því að hundrað og eitt ár er liðið frá komu séra Sigtryggs Guðlaugssonar, stofnanda skólans, í Dýrafjörðinn.

„Þetta heppnaðist ágætlega. Um hundrað manns voru viðstaddir þegar flaggstöngin var reist og þáðu rabbabarasaft og gyðingakökur að því loknu. Hins vegar voru stofnfélagar hollvinasamtakanna aðeins 30 þar sem árgangur 1958 sem var með endurfundi á staðnum fór í rútuferð og náði ekki til baka í tíma“, segir Þröstur Sigtryggson einn stofnfélaganna.

Markmið samtakanna er að halda á lofti minningu þessa merka skóla en að framtakinu stóðu nokkrir gamlir nemendur. Núpsskóli var stofnaður árið 1906 af séra Sigtryggi Guðlaugssyni og fleirum og starfaði við góðan orðstír fram til ársins 1992 þegar honum var lokað, en við breytt umhverfi í menntamálum var hans ekki lengur þörf. Framhaldsfundur verður haldinn í Reykjavík í lok ágúst eða byrjun september þar sem ákvarðanir stofnfundar verða bornar upp til endanlegs samþykkis.



Flaggstöng í anda séra Sigtryggs Guðlaugssonar í fánalitunum var reist á Núpi. Mynd: Þröstur Sigtryggsson.

Allir sem hafa áhuga að ganga í samtökin eru beðnir um að skrá sig hjá Þresti Sigtryggssyni og Ólafi Sigurðarssyni á netföngunum sparrow@visir.is og osigurdsson@btnet.is eða bréflega á póstfang Þrastar sem er Frostafold 2, 112 Reykjavík. Við skráningu skal taka fram nafn, kt, heimilisfang og hvernig viðkomandi tengist skólanum.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps

Ómar Már kjörinn oddviti

Ómar Már Jónsson.

Fyrsti hreppsnefndarfundur nýs kjörtímabils í Súðavíkurhreppi var haldinn í síðustu viku og var fyrsta mál á dagskrá að kjósa oddvita í hreppsnfendar og hlaut Ómar Már Jónsson fjögur atkvæði á móti einu atkvæði Barða Ingibjartssonar í embættið. Þá gerði Ómar tillögu um að Barði yrði varaoddviti, og þar sem ekki bárust fleiri tillögur taldist Barði réttkjörinn í það embætti. Ómar, sem gegnt hefur starfi sveitarstjóra í Súðavík, tekur við embætti oddvita af Guðjóni Kjartanssyni, sem var aðalmaður á síðasta ári en er varamaður í ár.

Ný hreppsnefnd í Súðavíkurhreppi er skipuð þeim Arnþóri Kristjánssyni frá Hvítanesi, Huldu Gunnarsdóttur, Ómari Má Jónssyni, Valgeiri Haukssyni og Barða Ingibjartssyni. Varamenn í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps næstu fjögur árin eru Sigurdís Samúelsdóttir, Garðar Sigurgeirsson, Guðjón M. Kjartansson, Yordan S. Yordanov og Guðmundur B. Ragnarsson.

Fleiri mál voru á dagskrá á þessum fyrsta fundi hreppsnefndar Súðavíkur, svo sem eins og skipan í nefndir og ráðning sveitarstjóra, en þeim málum var frestað til næsta fundar. Aðspurður sagði Ómar Már að ekki mætti skilja kjör sitt í embætti oddvita sem svo að hann ætlaði sér ekki að halda áfram að vera sveitarstjóri, fengi hann áframhaldandi umboð til þess frá hreppsnefnd. Búist er við því að hreppsnefnd komi saman aftur á morgun og gangi þá frá nefndaskipan og ráðningu sveitarstjóra.

– eirikur@bb.is

68 manns skráðir atvinnulausir

Fjöldi atvinnulausra einstaklinga á Vestfjörðum hefur staðið í stað frá því í apríl og eru 68 manns á skrá. Konur eru sem fyrr í miklum meirihluta en þó hefur þeim fækkað um tvær frá því í byrjun apríl mánaðar en körlum hinsvegar fjölgað um tvo. Samkvæmt vef Vinnumálastofnunar eru nú 11 karlar skráðir.

Vestfirskir karlmenn á atvinnuleysisskrá eru með þeim fæstu á landinu og aðeins eru færri á Austurlandi þar sem eru 5 á skrá og Norðurlandi vestra þar sem 9 eru skráðir. Atvinnuleysistölur hafa sveiflast upp og niður frá því fyrir áramót en um miðjan febrúar voru 73 á skrá. Var það töluverð fækkun frá því í byrjun árs þegar 99 manns voru skráðir atvinnulausir. Þá voru 102 á skrá yfir atvinnulausa á Vestfjörðum fyrir áramót.

Á vef Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða eru auglýst 17 störf, alls 26 stöður, í boði í ýmsum geirum.

– thelma@bb.is

Úttekt á kynbundnum launamuni frestað

Í október í fyrra, nánar tiltekið á kvennafrídaginn 24. október, var samþykkt í bæjarráði Ísafjarðarbæjar að gera úttekt á kynbundnum launamun hjá sveitarfélaginu og að í framhaldinu yrði gerð aðgerðaráætlun um með hvaða hætti skyldi unnið að úrbótum á mögulegu misrétti. Aðspurður um hvað varð um þessa ætlun segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, að málinu hafi verið frestað svo gera mætti ráð fyrir henni sérstaklega í fjárhagsáætlun. „Þar sem ekki er þekking á því hér innan skrifstofunnar hvernig svona könnun er unnin þá leitaði ég eftir því hjá þeim sem sérhæfa sig í slíku“, segir Halldór. Þá segir Halldór að kanna þurfi ýmislegt í úttekt af þessu tagi, m.a. heildar- og dagvinnulaun og heildar- og dagvinnulaun eftir kyni, starfssviði, starfsheiti, aldri og starfshlutfalli. Þá þurfi að kanna hvort munur sé á launum kynja eftir þessu og hvernig þetta komi út miðað við önnur sveitarfélög.

„Ég fékk tilboð í þetta“, segir Halldór. „Lægsta tilboðið var 650 þús.kr. án vsk. Það bar ég undir þann bæjarfulltrúa sem flutti tillöguna og var hann á því að geyma ætti þessa úttekt þar til sérstaklega væri gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun. Það þarf að gera í næstu fjárhagsáætlun til að þetta verði framkvæmt.“ Þess má geta að umræddur bæjarfulltrúi var Lárus G. Valdimarsson, Samfylkingu, sem hvarf úr bæjarstjórn nú á kjörtímabilsmótum.

Í bókun Lárusar á sínum tíma sagði m.a.: „Í dag eru liðin 30 ár frá því haldið var upp á Kvennafrídaginn svo eftir var tekið. Þrátt fyrir að nokkuð hafi miðað áleiðis í réttindabaráttu kvenna á þeim árum sem liðin eru þá hefur launamunur kynjanna haldist óásættanlega mikill. Með því að Ísafjarðarbær sýni frumkvæði í þessu brýna réttindamáli getur hann skapað gott fordæmi fyrir aðra atvinnurekendur.“

– eirikur@bb.is

Nýjungar í boði Óshlíðarhlaupinu

Hið árlega Óshlíðarhlaup fer fram á laugardag og eins og áður gefst hlaupurum kostur á að velja milli 3ja vegalengda eftir þreki og getu. Boðið er upp á 4 km skemmtiskokk, 10 km hlaup eða hálfmaraþon sem er 21,5 km. Auk þess sem í boði verður sveitakeppni í lengri vegalengdum en boðið var upp á það í fyrsta sinn í fyrra. Í ár verður einnig boðið upp á opinn flokk á línuskautum sem er nýjung.

Hlauparar á öllum aldri, í misgóðu formi, verða í startholunum þegar Óshlíðarhlaupið fer fram í fjórtánda sinn. Viðburður þessi hefur fyrir löngu skapað sér fastan sess í dagatali sumarsins á norðanverðum Vestfjörðum. Óshlíðarhlaupið fór fyrst fram í júní 1992 og hefur verið hlaupið árlega síðan. „Hlaupaleiðin er ein sú en fallegsta jafnframt hrikalegasta almenningshlaupaleið í hálfmaraþoni sem boðið er uppá á Íslandi“, segir í tilkynningu.

Hraðfrystihúsið Gunvör hf

Sækir um leyfi fyrir 2.000 tonna þorskeldi

Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur sótt um starfsleyfi fyrir 2.000 tonna þorskeldi til Umhverfisstofnunar og er það talsverð stækkun frá núgildandi leyfi. Um er að ræða áframhaldandi eldi HG í Álftafirði og Seyðisfirði og mun það fara fram á sex stöðum í fjörðunum samkvæmt umsókninni.

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu er þorskeldi vaxandi þáttur í rekstri HG og hefur alls 500 tonnum verið slátrað það sem af er árinu og hefur nær allur þorskurinn farið í bolfiskvinnslu fyrirtækisins í Hnífsdal. Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu upp úr umsóknninni og er umsagnarfrestur um tillöguna til 4. ágúst. *– smari@bb.is*

Lagt til að samið verði við Gámaþjónustuna um sorphreinsun í Ísafjarðarbæ

Jóhann B. Helgason, bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar, hefur lagt til að gengið verði til samninga við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphreinsun í Ísafjarðarbæ, urðun á óbrennanlegu sorpi, gámahreinsun í Ísafjarðarbæ og uppbyggingu á gámasvæðum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri á þessu ári. Tilboð barst frá Gámaþjónustunni að beiðni bæjartæknifræðings og segir m.a. í bréfi hans til bæjarráðs: „Markmiðið með því að semja við einna aðila er að bæta umgengni um gáma- og urðunarsvæði í bæjarfélaginu og bæta enn frekar þjónustu."

Tilboðið er fjórskipt: Sorphreinsun í Ísafjarðarbæ kr 15.975.792 yfir árið. Urðun á óbrennanlegu sorpi kr 2.763. 336 yfir árið. Gámahreinsun í Ísafjarðarbæ kr. 9.638.081 yfir árið. Leiga á gámasvæðum: 4.500.000 á ári (í 10 ár). Alls: 32.877.209 fyrir árið.

Þá kemur fram í bréfi bæjartæknifræðings að rekstrarkostnaður bæjarins vegna leigu gámasvæðis sé án virðisaukaskatts. Síðan segir: „Hafin var vinna við gerð útboðsgagna vegna sorphreinsunar en vegna mikilla breytinga á lögum og reglum fyrir sorphirðu, endurvinnslu og urðun, sérstaklega vegna úrvinnslusjóðs, hefur ekki verið nægur tími til að vinna útboðsgögnin. Leitað hefur verið til annarra sveitarfélaga sem eru í sömu stöðu og Ísafjarðarbær og hafa fengist þær upplýsingar að þau muni framlengja sína samninga um sorphirðu. Undirritaður lagði fram í bæjarráði í lok maí tillögu sama efnis. Óskað var eftir samanburði við önnur sveitarfélög. Eiingaverð hefur verið skoðað á nokkrum stöðum og miðað við að sorp er flokkað hjá Ísafjarðarbæ og tvær tunnur við hvert heimili þá er tilboð Gámaþjónustu Vestfjarða fyllilega samkeppnishæft við það sem gerist annars staðar á landinu."

Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins og óskaði eftir frekari upplýsingum frá bæjartæknifræðingi fyrir næsta fund. Þess má geta það er hluti af málefnasamningi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ að flytja sorphirðu, urðun og hirðingu gámasvæði á hendur eins og sama aðilans.

Nokkurra úrbóta hefur verið þörf í sorphirðumálum Ísafjarðarbæjar en eins og fram hefur komið á bb.is eru sorphirðugjöld af íbúðarhúsnæði hæst í Ísafjarðarbæ af 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Hækkuðu þau mest frá árinu 2005 til ársins 2006 eða um 10,5%, úr 18.100 í 20 þúsund krónur sléttar. Sorphirðugjöld hækkuðu víðast hvar á landinu, nema á Seltjarnarnesi og í Fljótsdalshéraði. Næst hæst er sorphirðugjaldið í Reykjanesbæ, eða 18.960 kr., og þar á eftir í Fjarðabyggð, eða 15.435 kr. Lægst er sorphirðugjald á Seltjarnarnesi eða 7.200, og næst lægst í sveitarfélaginu Skagafirði þar sem kostar 8.507 kr. í þéttbýli en 8.239 kr. í dreifbýli.

Þegar rætt var við Halldór Halldórsson bæjarstjóra um málið fyrr á árinu sagði hann að tilefni væri til að taka sorpmál Ísafjarðarbæjar til nokkurrar endurskoðunar og sagði ýmislegt þrýsta á yfirvöld um að reyna að reka sorpmálin sem eina heild; sorphirðuna, sorpeyðinguna, endurvinnsluna og móttökuna, og að til stæði að skoða hvort vænlegt væri að mynda einkahlutafélag um þessi mál.

Eigendur Fernando's á Ísafirði

Kaupa veitingastaðinn Thai Koon

Elías Guðmundsson.

Forsvarsmenn veitingastaðarins Fernando's á Ísafirði hafa fest kaup á tælenska matsölustaðnum Thai Koon. Að sögn Neil Shiran Þórissonar eins eiganda Fernando's verður Thai Koon rekinn áfram og er í bígerð að auka matarúrvalið, t.d. með því að bjóða einnig upp á indverskan mat. Undirbúningur kaupanna mun hafa átt sér stað í þó nokkurn tíma en nýir eigendur tóku við staðnum á fimmtudag.

Thai Koon opnaði á Ísafirði í mars 2002 og síðan hefur verið þar boðið upp á tælenska rétti auk þess sem auk þess sem seldar hafa verið vörur til austurlenskrar matargerðar. Grétar Helgason og Edda Ban Gon Khiansantia voru eigendur staðarins og sáu um að reka hann.

Þá hefur fyrirtækið Vinaminni ehf. sem rekur veitingastaðinn Fernando's á Ísafirði skipt um eigendur. Gunnar Þórðarson og Kristín Hálfdánsdóttir hafa selt eignarhlut sinn í fyrirtækinu til fyrirtækisins Hvíldarkletts ehf. sem er í eigu Elíasar Guðmundssonar og Jóhönnu Þorvarðardóttur. Vinaminni ehf. er því nú í eigu Neil Shiran Þórissonar, Hafdísar Gunnarsdóttur og Hvíldarkletts ehf.

– thelma@bb.is

Gamli barnaskólinn rifinn

Á föstudag voru starfsmenn Vestfirskra verktaka önnum kafnir við að rífa gamla barnaskólann en niðurrif hans er liður í stórframkvæmdum sem eru að hefjast á grunnskólanum. Ekki verður allt húsið rifið því framhliðin mun halda sér enda er hún friðuð af Húsafriðunarnefnd. Hermann Þorsteinsson hjá Vestfirskum verktökum segir að síðustu daga hafi allt járn verið tekið af húsinu og skilið frá sem óbrennanlegt sorp en vinnuvélum var hleypt á húsið á föstudag. Samfellt skólastarf var í húsinu í meira ein hundrað ár. *– smari@bb.is*

Vilja að urðun sorps og uppbygging gámasvæða verði boðin út

Bæjarfulltrúar minnihlutans í Ísafjarðarbæ, Í-listans, eru ósáttir við að samið verði sérstaklega til eins árs við Gámaþjónustu Vestfjarða um urðun á óbrennanlegu sorpi annars vegar, og byggingu og leigu á gámasvæðum hins vegar. Að sögn Sigurðar Péturssonar, oddvita Í-listans, er minnihlutinn harður á því að lið 2 og 4 eigi að bjóða út.

„Við erum alveg tilbúin til að samþykkja að samið verði um sorphreinsunina og gámahreinsunina til eins árs á meðan að tæknideildin vinnur að því að undirbúa útboð", segir Sigurður. „En okkur finnst rangt að hafa alla fjóra liðina saman í einni kippu, bæði vegna hagsmuna bæjarins og einnig vegna þess að með þessu er verið að útiloka aðra aðila frá því að bjóða í verkið".

Sigurður segir að fyrir liggi mat á kostnaði á leigu og uppbyggingu gámasvæða upp á 10-11 milljónir á hvert svæði og því sé það álit Í-listans að 4,5 milljónir á ári í 10 ár sé ekki hagstætt boð. „Við teljum að þetta eigi einfaldlega að fara í útboð. Það verður þá að taka nauðsynleg lán ef á þarf að halda og fá þannig hagstæðasta tilboð í verkið frekar en að semja beint við einn verktaka sem gerir tilboð á grundvelli útreikninga bæjarins."

Aðspurður um hvort hann telji ekki að rekstrarhagræðing felist í að reka sorpmálin sem eina heild, líkt og haldið hefur verið fram, segir Sigurður að það geti vel verið. „Það hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á það, og ef við lítum til urðunarkostnaðar þá er hann hærri samkvæmt tilboðinu en verið hefur. Það stendur reyndar til að bæta þjónustuna á einhvern hátt en án útboðs er ekki vitað hvort hægt sé að ná þeim þjónustubótum með öðrum hætti. Varðandi gámasvæðin er sá kostnaður meiri en reiknað var með, þó ýmislegt sé reyndar enn óljóst hvað þau mál varðar. Og ef það á að framkvæma þetta í einum pakka þá þarf líka að bjóða verkið út sem einn pakka, ekki að bjóða sumt út í eitt ár og annað í tíu ár."

Á heimasíðu Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, kemur fram að hann telji mikilvægt að drifið verði í að ganga frá umræddum samningum. „Skv. samanburði sem bæjartæknifræðingur gerði við önnur sveitarfélög er verðið hér samanburðarhæft við þau. Fram kom í tillögum bæjartæknifræðings að lengri tíma þyrfti til að vinna útboðsgögn fyrir útboð á almennri sorphirðu, hirðingu gámasvæða o.fl. Þess vegna er eðlilegt að mínu mati að semja við þann aðila, GV, sem hefur staðið sig vel í þessari þjónustu", segir á haddi.is.

Erin Jorgensen frá Texas tekur dýfu í Veiðileysufirði.

Skíðað í Jökulfjörðum

Eins og kemur fram í viðtali í blaðinu í dag við Sigurð Jónsson var stofnað allsérstakt ferðaþjónustufyrirtæki Borea Adventures á Ísafirði í vor og skútan Aurora keypt. Skútan er 60 feta, flutt inn frá Bretlandi og er stærsta skúta landsins. Dagana 17. - 24 . maí fór skútan í sína fyrstu ferð með skíðamenn í Jökulfirði. Hópurinn samanstóð af ljósmyndurum og fjallaleiðsögumönnum frá Kanada og Frakklandi auk áhafnar. Um prufuferð var að ræða til að kanna möguleika á slíkum ferðum í framtíðinni. Óhætt er að segja að ferðin hafi gengið framar vonum; nægur snjór, gott veður og góður hópur. Siglt var um alla Jökulfirði og skíðað í þeim flestum og gekk hópurinn frá Veiðileysufirði yfir í Hornvík en skútan sigldi fyrir. Að sögn Rúnars Óla Karlssonar hjá Borea Adventures verður farið í fjórar ferðir í sumar bæði með Íslendinga og útlendinga.

Meðfylgjandi myndir tók ljósmyndarinn Jia Condon í ferðinni og er nú þegar búið að bóka tvær samskonar ferðir næsta vor.

– smari@bb.is

Skíðað niður í Veiðileysufjörð. Skútan í baksýn.

Siglt út Skutulsfjörðinn.

Seglin þanin.

Hangiketið og uppstúfurinn fór vel í útlendingana.

120
Þér er boðið í afmæli!
Laugardaginn 1. júlí
Afmælishátíð um allt land
Landsbankinn

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar um breytingar á launagreiðslum til starfsmanna heilbrigðisstofnana

„Svona vitleysa gerir mig reiðan“

Sú breyting hefur orðið að launagreiðslur til starfsmanna Heilbrigðistofnunarinnar á Ísafirði og á Patreksfirði fara ekki lengur gegnum reikninga þeirra, heldur beint af reikningi fyrir sunnan inn á reikninga þeirra sem launin fá. Þetta þýðir minnkun á veltu hjá viðskiptabönkum stofnananna á Vestfjörðum upp á hálfan milljarð. Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er ekki par hrifinn af þessari ráðstöfun og segir hana til marks um hvernig miðstýringarárátta starfsmanna ráðuneytanna grefur sífellt dýpra um sig án þess að stjórnmálamenn fái rönd við reist.

Halldór Halldórsson.

Einar Oddur Kristjánsson.

„Þetta er gjörsamlega óþolandi og við skulum athuga það að þessi þróun stoppar ekki hérna. Næsta skref verður jafnvel að launaútreikningar stofnananna fari fram í Reykjavík ef embættismönnunum dettur það í hug og það er engin hagræðing fólgin í þessu. Svona vitleysa gerir mig reiðan“, segir Halldór. Halldór segist hafa heyrt af þessu fyrir nokkrum mánuðum og talað við þingmenn kjördæmisins og fengið þau svör að af þessu yrði ekki: „Þegar ég ræddi við þingmennina var það alveg skýrt af þeirra hálfu að á móti þessu yrði barist og að ekkert yrði úr þessu, en engu að síður er þetta staðreynd í dag.“



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Hann segir að þeir fjármunir sem tapist úr fjórðungnum við þetta séu ekki miklir, alvarlegi hlutinn við þetta er það viðhorf sem embættismenn hafa til stofnana á landsbyggðinni. Halldór segir það alveg á hreinu að verkefni sem færð eru til Reykjavíkur þýði einungis aukið mannahald þar og hagræðingin því engin.

Einar Oddur Kristjánsson þingmaður segir þetta dæmi um ranga pólitík embættismanna og endemis miðstýringarárättu sem virðist heltaka starfsmenn ráðuneytanna. „Það á að láta forstöðumenn fyrirtækjanna leita sinna leiða í rekstrinum. Það er fullt af hæfu fólki hjá stofnunum og þjónustufyrirtækjum á svæðinu sem getur tekist á við þetta og hefur gert fram af þessu.“ Einar segir að hann og fleiri þingmenn kjördæmisins hafi lagt sig alla fram til að hindra þessa breytingu en það hafi ekki tekist: „En við munum halda áfram að berjast á móti þessu en það er við ramman reip að draga í embættismannakerfinu. Því miður er það þannig að margt af þessu góða fólki hefur tendensa til verða sovétbúrókratar.“

Einar segist sammála Halldóri að hætta sé á að gengið verði lengra í þessa átt og segir að tilhneiging ráðuneytanna sé að taka til sín meira af verkefnum.

– smari@bb.is

Guðmundur Guðmundsson hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins

Segir hagkvæmni stærðarinnar ráða

Guðmundur Guðmundsson hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að umræðan sem hefur skapast um breytingar á reikningshaldi heilbrigðisstofnana sé að einhverju leyti byggð á misskilningi. Hann segir að upphaf málsins megi rekja til ársins 1990 þegar ríkið tók yfir rekstur heilbrigðisstofnanna og var þá launabókhald stofnananna ekki tekið inn í kerfi ríkisins og var það að sögn Guðmundar pólitísk ákvörðun. Hann segir það vera óhagkvæmt að vera ekki með öll launamál inn í sama kerfinu og geri allan launasamanburð erfiðan, í kjarasamningum, fyrirspurnum frá alþingi o.s.frv. „Svo er engin ástæða til þess að heilbrigðisstofnanir séu undanskildar þessum almennu reglum. Allar aðrar ríkisstofnanir eru inni í einu og sama upplýsingakerfinu og hagkvæmni stærðarinnar ræður þar mestu um“.

Upptaka nýs upplýsingakerfis hjá fjármálaráðuneytinu hefur breytt því að laun starfsmanna heilbrigðisstofnanna eru ekki lengur lögð inn á reikninga viðkomandi stofnanna og þaðan inn á reikninga starfsmanna heldur berast þau beint af reikningum fjármálaráðuneytisins. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir frétt hér að ofan að við þetta minnki velta viðskiptabanka stofnananna Vestfjörðum um hálfan milljarð króna árlega auk þess sem störfum við launavinnslu fækkar.

– smari@bb.is

RITSTJÓRNARGREIN

Húsbændur og hjú

Það munar um allt, var svar eins af fyrrverandi sjávarútvegsráðherrum okkar þegar fyrrverandi þingmaður spurði hann hvort það breytti miklu um vöxt og viðgang fiskistofnanna þótt stráksi veiddi nokkra þaraþyrsklinga utan kvótakerfisins fyrir framan bryggjusporðinn í tilteknu sjávarplássi. Nánast daglega horfast sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni í augu við að verið er að soga allt, stórt sem smátt, til Reykjavíkur; og allt er þetta gert undir yfirskini „hagkvæmni stærðarinnar“ eins og það heitir í hinni vélrænu orðabók handhafa valdsins. Nýjasta dæmið er útborgun launa til starfsfólks heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, sem nú er farið að vinna í Reykjavík.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir þessa ráðstöfun til marks um hvernig miðstýringarárátta starfsmanna ráðuneyta grafi sífellt dýpra um sig án þess að stjórnmálamenn fái rönd við reist: „Þegar ég ræddi við þingmennina var það alveg skýrt af þeirra hálfu að á móti þessu yrði barist og að ekkert yrði úr þessu, en engu að síður er þetta staðreynd í dag.“ Einar Oddur Kristjánsson, alþm. segir þetta dæmi um miðstýringarárättu sem heltaki starfsmenn ráðuneytanna; hann hafi ásamt fleiri þingmönnum kjördæmisins (NV) lagt sig fram við að koma í veg fyrir þessa skipan mála: „Við munum halda áfram að berjast á móti þessu en það er við ramman reip að draga í embættismannakerfinu,“ segir þingmaðurinn og líkir embættismönnunum við „sovétbúrókrata“, nokkuð sem Guðmundur Guðmundsson hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins gefur lítið fyrir og svarar einfaldlega: „Embættismenn hins opinbera geta ekki tekið ákvarðanir um mál sem ekki er pólitískur vilji fyrir.“

Það var og. Embættismenn taka ekki ákvarðanir gegn vilja pólitíkusanna, svo segja þeir að minnsta kosti. Við hverja hafa þingmenn NV verið að berjast í þessu máli? Hafa þeir aldrei rætt við húsbændur búrókratanna?

Ákvörðunin um að launagreiðslur til starfsmanna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni fari ekki lengur í gegnum reikninga viðkomandi stofnana er í takt við atburðarás síðustu missera og ára þar sem segja má að fyrir hvert og eitt starf sem fellt hefur verið niður í dreifbýlinu hafa tvö til þrjú sprottið upp í kringum kjötkatlana í Reykjavík.

Þingmenn segjast ekki fá rönd við reist gagnvart embættismönnum, sem segjast ekki taka ákvarðanir, sem pólitískur vilji sé ekki fyrir. Misvísandi yfirlýsingar þessara aðila ganga ekki upp. Kannski vita báðir betur; sagan ekki öll sögð!

Sveitarstjórnarmenn hljóta að krefast þess í eitt skipti fyrir öll að því verði svarað hvort það eru húsbændurnir eða hjúin sem ráða á stjórnarheimilinu; kjörnir fulltrúar til að gæta hagsmuna almennings eða æviráðnir búrókratar?

Það fýkur í skálkaskjólin líkt og önnur um síðir.

s.h.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 *eirikur@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is – Smári Karlsson, símar 456 4680 og 849 8476, smari@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Innlendar stöðvar
Toppur
Íþróttir
Aðeins Skjárinn getur fært þér allar þessar sjónvarpsrásir
Þú nærð öllum þessum stöðvum í bestu mögulegum hljóð- og myndgæðum með Skjánum.
Ekkert stofngjald og frí uppsetning.
Topp pakkinn er frír fyrsta mánuðinn.
Fáðu þér Skjáinn núna og njóttu þess að hafa frábært úrval af sjónvarpsefni.
Topp pakkinn kostar aðeins 1.990 kr. á mánuði.
Enski boltinn kostar aðeins 1.990 kr. á mánuði.
Komdu við í næstu verslun Símans eða hringdu í 800 7000.
Skjárinn

Vilja auka samskipti Vestfjarða við Austur Grænland

Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur farið þess á leit við bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar að þau komi að verkefninu Samskipti við Austur Grænland. Til stendur að Vaxtarsamningur Vestfjarða leggi fram 60% af því fjármagni sem til þarf og er beðið um að Ísafjarðarbær útvegi þau 40% sem upp á vantar. Markmið verkefnisins er að koma á tengslum og samvinnu milli Vestfjarða og byggðalaga á Austur Grænlandi, og vinna að úttekt á mögulegum samstarfsflötum svæðanna. Í markmiðslýsingu kemur meðal annars fram að byggðir á Austur Grænlandi eru mjög dreifðar á nokkra byggðakjarna og heildaríbúafjöldi svæðisins telur ekki nema um 5-6 þúsund manns.

„Þjónusta og stjórnsýslan við þessa íbúa fer öll fram í gegnum Kaupmannahöfn og Nuuk á vesturströndinni. Samgöngur innan Grænlands, og ekki síst á A-Grænlandi, eru afar erfiðar og eru byggðakjarnarnir mjög einangraðir. Flugi er t.d. þannig háttað að flogið er nokkrum sinnum í viku á milli Reykjavík og Kulusuk og Konstabel Pynt og þaðan áfram með þyrlum til Tasiilaq og Scoresbysunds. Þetta er svo flókið og dýrt að almennilegur á þessum stöðum á þess nánast engan kost að ferðast. Samgöngur hefta þar af leiðandi þjónustustig svæðisins verulega. Það er staðreynd að Ísafjörður liggur vel við alla byggðakjarna á austurströndinni og gæti hæglega sinnt þeirri þjónustu betur en Kaupmannahöfn og Nuuk“, segir m.a. í markmiðslýsingu.

Þá segir að sömu sögu megi segja um samgöngur á sjó, en einungis örfáar ferðir eru farnar frá miðjum júlí og fram í september frá Álaborg. „Með einu skipi gerðu út frá Ísafirði má halda uppi vikulegum siglingum frá því að ís leyfir [...] Á Ísafirði er að finna afar góðan þjónustukjarna og með samstarfssamningum milli svæðanna, stjórnvalda á Íslandi og grænlensku heimastjórnarinnar mætti bjóða íbúum A-Grænlands að sækja nauðsynlega þjónustu til Ísafjarðar.“

Grænland og Ísland. Mynd: fva.is

Fram kemur sömuleiðis að samskipti við Grænlendinga hafa til þessa verið lítil og að nauðsynlegt sé að heimsækja A-Grænland með það fyrir augum að skapa traust milli svæðanna og tengsl, auk þess sem koma þyrfti á tengslum við heimastjórn Grænlands svo verkefnið geti orðið að veruleika. Vonast er til að verkefnið geti orðið til þess, meðal annars, að betri nýting náist á Ísafjarðarhöfn, að flytja megi vörur og þjónustu til A-Grænlands, stunda strandsiglingar milli Ísafjarðar, Reykjavíkur og A-Grænlands, nýta þjónustustofnanir á Ísafirði betur, koma á fót samstarfi innan ferðaþjónustunnar á svæðunum og fleira.

Þær fjárhæðir sem fara eiga í þetta tiltekna verkefni eru m.a. ætlaðar til að kanna núverandi þjónustusamninga við Grænland, vinna hugmyndavinnu sem felur í sér hvernig Vestfirðingar geti veitt Grænlendingum á austurströndinni aukna þjónustu, ræða við embættismenn á svæðunum, gera þáttökurannsókn á Austur Grænlandi til að kanna vilja íbúanna til að nýta sér þá þjónustu sem er í boði á Ísafirði og margt fleira. Samkvæmt kostnaðaráætlun mun þetta kosta 1,4 milljónir og ætlar Vaxtarsamningur Vestfjarða eins og áður segir að útvega 60%, eða 840 þúsund krónur, með því skilyrði að Ísafjarðarbær leggi fram 40%, eða 560 þúsund krónur. Gert er ráð fyrir að þessum þætti verkefnisins ljúki í september með ráðstefnu þar sem úttektin verður kynnt.

– eirikur@bb.is

Sneiðmynda-tökur hafnar á sjúkrahúsinu

Í byrjun síðustu viku voru fyrstu sneiðmyndirnar teknar með nýju sneiðmyndatæki Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Þurfti að fara í miklar og ófyrirséðar framkvæmdir á röntgendeild sjúkrahússins til að koma tækinu fyrir. Haldin var fjársöfnun til kaupa á tækinu og gekk hún vonum framar og hafa safnast rúmlega 17 milljónir króna, sem er nokkuð meira en þurfti til kaupa á tækinu. Umframféð verður nýtt til frekari tækjakaupa.

Sneiðmyndatækið er svokallað fjögurra sneiða tæki og var áður í notkun í læknamiðstöðinni Domus Medica í Reykjavík. Á heimasíðu Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ kemur fram að á þessum tímamótum vilji starfsfólk og stjórnendur stofnunarinnar nota tækifærið og þakka öllum velunnurum heilsugæslustöðvarinnar og Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir hinn mikla velvilja og hlýhug sem þeir hafa sýnt nú sem áður.

– smari@bb.is

Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri HSÍ og Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir ásamt tveimur starfsmönnum við nýja tækið.

Sælkeri vikunnar · Íris Ósk Sighvatsdóttir í Bolungarvík

Flökkukjúlli og fylltir Portobella sveppir

Sælkeri vikunnar býður fyrst upp á ljúffengan forrétt sem eru gráðostafylltir sveppir. Íris mælir með að miðað sé við 3-4 sveppi á mann eftir stærð og svengd. Í aðalrétt er kjúklingaréttur og er uppskriftin miðuð fyrir fjóra. Í eftirréttnum kemur vanilluskyr, súkkulaði og jarðarber við sögu og segir Íris að rétturinn sé borðaður með undrunarsvip því þetta sé ótrúlega sniðugur og góður eftirréttur. Allir réttirnir eiga það sameiginlegt að vera einfaldir, fljótlegir og ljúffengir.

Fylltir Portobella-sveppir

Sveppir
Gráðostur
Cream-balsamica

Setjið gráðost snyrtilega í sveppahattana. Stingið þeim í heitan ofn, eða á grill í smá stund. Berið fram með bros á vör og dassi af cream-balsamica.

Flökkukjúlli

5-6 kjúklingabringur
Töfrakrydd Pottagaldra
1½ -2 pelar rjómi
1 dl soyasósa
1 dl barúsósa
1 dl púðursykur

Brúnið kjúklingabringurnar á pönnu og kryddið þær með töfrakryddinu. Hrærið saman rjómann, soyasósuna, barúsósuna og púðursykurinn og hellið út á pönnuna. Látið malla í korter. Borið fram með soðnum hýðishrísgrjónum eða bankabyggi, hvítlauksbrauði og salati að eigin vali.

Sniðugur og góður eftirréttur

2-300 g vanilluskyr
Handfylli af After Eight súkkulaði eða öðru piparmyntu súkkulaði
Jarðarber
Súkkulaðirúsínur.

Bræðið súkkulaðið og hrærið saman við skyrið. Setjið í desertskálar og hrúgið ferskum jarðarberjum og súkkulaðirúsínum ofan á.

Ég skora á Sigríði Flosadóttur í Bolungarvík.

899 kr/kg
40% afslattur
Lambalæri úr kjötborði
Úrval af helgartilboðum
Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 29. júní - 02. júlí
1.111 kr/kg
30% afslattur
Úrbeinaður grísahnakki með indverskri marineringu
399 kr
Freschetta XXL 760 gr.
499 kr
Grillhumar 500 gr. poki
99 kr
Pop Secret örbylgjupopp
20% afslattur
Kryddsmjör
20% afslattur
Knorr bollasúpur
149 kr
Appelsín 2 L.
99 kr
Emmess Djæf ís
199 kr
Iceberg kál
279 kr
Plómur í öskju 1 kg.
Samkaup úrval

Vegaframkvæmdir í Ísafjarðardjúpi

Brúin yfir Mjóafjörð boðin út í haust

Nokkur verk eru í gangi í vegagerð á Vestfjörðum og eru flest þeirra langt komin. Að sögn Gísla Eiríkssonar umdæmisstjóra hjá Vegagerðinni er verið að leggja lokahönd á verk við Laxá í Króksfirði og klárast það í þessum mánuði. Einnig er verið að vinna í Svansvík í Ísafirði, Strandavegi á Bölum við utanverðan Bjarnafjörð, í Hrútafirði er verið að breikka einbreitt slitlag og í Svínadal er unnið að framkvæmdum á 13 km kafla og verður lagt slitlag á hann fljótlega. Verkin klárast öll í ár nema í Svínadalnum en verklok þar verða á næsta ári. Að því er Gísli segir eru fyrirhuguð útboð á stærri verkum í haust og ber þar helst að nefna Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi, bæði brúarframkvæmdir og vegagerð henni viðkomandi. Einnig verða boðnar út framkvæmdir á Tröllatunguheiði. Vegurinn, oft kallaður Stranddalavegur mun liggja á milli Vestfjarðarvegar í Reykhólasveit og Djúpvegar í Steingrímsfirði, í stað vegarslóða um Tröllatunguheiði. Nýi vegurinn styttir vetrarleiðina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Strandir um 40 km. Kostnaðaráætlun fyrir verkið er 900 milljónir króna. Vegurinn hefur lengi verið baráttumál Vestfirðinga enda þykir hann bæði tengja byggðir Vestfjarða betur innbyrðis og bæta vegasamband við suðvesturhornið.

– smari@bb.is

Verð á fiskmörkuðum með hæsta móti

Verð á fiskmörkuðum hefur verið með hæsta móti undanfarnar vikur. Að sögn trillusjómanns sem rætt var við er ekkert óvanalegt að verðið kýlist upp dag og dag, sérstaklega eftir brælu. En nú hefur það haldist hátt í einhverjar vikur og engar blikur á lofti að það lækki þó að slíkt geti gerst hratt.

Helstu ástæður fyrir þessu verði eru sagðar vera lítil veiði á færum sem orsakar minna framboð á fiski en ella, minna framboð á kvóta í smábátakerfinu en stærstan þátt á sig krónunnar undanfarna mánuði. Alls voru seld 19 tonn á Fiskmarkaði Suðurnesja á Ísafirði um miðja síðustu viku og meðalverð 138 krónur. Meðalverð fyrir óslægðan þorsk var 174 kr. (lægsta verð 124 kr. hæsta 186 kr.) og fyrir óslægða ýsu var meðalverðið 177 kr. (lægsta verð 116 kr. hæsta 248 kr.).

Það ku vera gott hljóð í trillukörlum meðan verðið er svo hátt, í það minnsta þeim sem hafa kvóta og eru að róa.

– smari@bb.is

Framkvæmdum við Bæjarbrekku er að ljúka.

Umferð hleypt á Bæjarbrekkuna eins fljótt og auðið er

Framkvæmdum við Bæjarbrekkuna á Ísafirði er nú að ljúka og að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar verður hún opnuð fyrir umferð eins fljótt og auðið er. „Þetta er allt að hafast, það á þó eftir að gera gangstétt og svo verður gatan ekki malbikuð fyrr en í ágúst en umferð verður hleypt á hana eins fljótt og hægt er.“

Framkvæmdir hófust í maí en meðal annars var verið að skipta um regnvatns- og skolplagnir og breyta tengingum á vatni við gatnamót til þess að auka þrýsting á Seljalandsvegi. „Það þurfti að moka mun meira en við gerðum ráð fyrir og þurftum við að handmoka talsvert, en þetta hafðist allt saman“, segir Jóhann Birkir aðspurður hvort framkvæmdirnar hafi gengið vel. Áætlað er að malbikunarframkvæmdir hefjist 8. ágúst.

– thelma@bb.is

Vilja setja upp nýja búfjárgirðingu

Í vor hefur borið mjög mikið á lausagöngu búfjár í Skutulsfirði sem svo oft áður. Hafa starfsmenn áhaldahúss Ísafjarðarbæjar þurft að smala fé í Holtahverfi og Tungudal flesta morgna undanfarnar tvær vikur. Eins hafa borist kvartanir frá íbúum bæjarins vegna ágangs búfjár inn í garða þeirra. Nýverið var farið í vettvangskönnun til að meta hvernig best er að bregðast við ástandinu og skoða þær girðingar sem fyrir eru. Í ljós kom að girðingin er víða illa farin, sums staðar sokkin í mýri og erfitt og kostnaðarsamt að halda henni við. Girðingin er 11 kílómetrar að lengd og nær frá Kirkjubæ og alla leið upp á Seljalandsdal. Í tillögum að nýrri girðingu er gert ráð fyrir að hún komi frá sjó við Hauganes, upp Hafrafellsháls og nái upp í kletta.

Girðingin verður tengd gömlu girðingunni sem liggur í skriðurótum Kubbans að ristarhliði í Dagverðardal. Þaðan verður sett upp ný girðing og fer hún fyrir Hnífana og inn í Tungudal þar sem hún fer upp með Buná og tengist gömlu girðingunni upp á Seljalandsdal, alls 3 km. Leggja þarf þrjú grindarhlið, eitt við Hauganes, annað við veginn upp að göngum og það þriðja á Seljalandsdal. Talið er að viðhald verði mun ódýrara og minna en á þeirri girðingu sem nú er bæði vegna þess að hún er styttri og mun liggja á snjóléttari stöðum.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar lét bóka að það tæki vel í tillögurnar en vildi benda á að girðingarstæði þvert yfir Tungudal þyrfti að endurskoða. Þá var erindinu vísað áfram til umsagnar landbúnaðarnefndar.

– smari@bb.is

Lilja Rafney Magnúsdóttir, nefndarmaður í hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar

„Súgandafjörður á ekki að vera sameiginlegur losunarstaður fiskvinnslufyrirtækja“

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað tilmæli sín um að óheimilt er samkvæmt lögum að losa slóg og fiskúrgang í hafnir bæjarins. Lilja Rafney Magnúsdóttir nefndarmaður í hafnarstjórn lagði þá fram bókun þar sem hún beinir þeim eindregnu tilmælum til hafnaryfirvalda í Ísafjarðarbæ að stöðva losun á slógi og fiskúrgangi á brimbrjótnum í Súgandafirði.

„Íbúar Súgandafjarðar eru orðnir langþreyttir á þeirri lyktarmengun sem fylgt hefur hausaþurrkun Klofnings ehf og þegar við bætist losun á slógi og fiskúrgangi rétt utan við þorpið, sem oftar en ekki er orðinn úldinn, þá er fólki orðið nóg boðið. Hægt væri að umbera það tímabundið meðan varanleg lausn fyndist að eingöngu fyrirtæki staðarins losuðu sinn úrgang við réttar aðstæður á útfalli og passað væri upp á að úrgangurinn væri ekki orðinn úldinn, en Súgandafjörður á ekki að vera sameiginlegur losunarstaður fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu eins og raunin virðist vera orðin.“

„Nú stendur yfir mikið markaðsátak í ferðamálum á Suðureyri þar sem klasaverkefnið Sjávarþorpið Suðureyri er að laða inn á svæðið fjölda ferðamanna, losun úldins fiskúrgangs með tilheyrandi lyktarmengun og sjómengun inn fjörðinn getur ekki verið ásættanleg hvorki fyrir íbúa né ferðamenn, því verða hafnaryfirvöld að beita sér í málinu og fylgja eftir lögum og reglum“, segir í greinargerð sem lögð var fram á fundi hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

Frá höfninni á Suðureyri.

Sneiddur frosinn lambahryggur
og sneitt lambalæri
1079
Kryddum sjálf!
1259
Bragð sem allir elska!
Allt að gerast í Bónus!
XXL pitsa
XXL FRESCHETTA
399
760/800g
800g
PIZZA SPECIALE
Sauce Filled
Egils
GULL
49
Eitt kíló af hamborgurum
XL
alvöru brauð!
899
98
100% NAUTAKJÖT
Sjávarréttaspjót
á grillið
1399
18 flöskur
Kartöflusalat og hrásalat frá KF
GÓÐ LAUSN!
KF SALAT
98
350g
FISKE GRILLSPJÓT
1198
kílóverð
Chips
98
500 ml
x18
Frábært úr frystinum!
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is

Veit ekki hvort ég vinn við málið eða hafi áhuga á vi

Að sigla um höfin blá undir þöndum seglum er nokkuð sem marga dreymir um. Þeir sem hafa prófað það segja að erfitt geti verið að losna við bakteríuna og Sigurður Jónsson, betur þekktur sem Búbbi, getur staðfest þetta. Allt frá því hann var smápolli að leika sér á skektum, og síðar þegar hann var orðinn útgerðarstjóri kanadískrar stórútgerðar, hefur eitthvað heillað hann við skip og báta. Hann hefur komið víða við á undanförnum árum en eitt meginþema er í flestu því sem hann tekur sér fyrir hendur: Bátar. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvað gerir báta svona heillandi og hver munurinn sé á kanadískri útgerð og íslenskri, í kaótísku spjalli þar sem farið var út um víðan völl.

„Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði fór ég til Helsingör í Danmörku og nam þar skipatæknifræði. Þegar ég var kominn með gráðuna flutti ég aftur heim og fór að vinna bæði í Skipasmíðastöð Marsellíusar og sem kennari í Menntaskólanum. Kenndi stærðfræði í fullu starfi í eitt og hálft ár en var samt alltaf að sniglast í einhverju skipasmíðabrölti sem endaði með að ég réði mig sem framkvæmdastjóra Skipasmíðastöðvarinnar og var þar í fjögur ár, frá 1994 til 1998. Þaðan fór ég til 3X Stál og var í nokkur ár og fór árið 2001 til Kanada að vinna fyrir þá. Stofnaði fyrir þá dótturfyrirtæki 3X Stál í St. John á Nýfundnalandi. Þetta er stálsmiðja og ég mannaði fyrirtækið Kanadamönnum og rak það í eitt og hálft ár. Þaðan fór ég til kanadískrar útgerðar í St. John og tók við starfi útgerðarstjóra og var þar alveg þangað til í fyrrasumar þegar ég flyt heim. Ég hef samt verið að vinna fyrir þá í vetur, þetta er hægt með tölvusamskiptum auk þess sem ég hef farið talsvert til Kanada.“

Kanadísk stórútgerð

„Starf útgerðarstjóra í Kanada er það sama og við þekkjum hér heima. Þetta er stórt útgerðarfyrirtæki, af svipaðri stærðargráðu og stóru íslensku útgerðarfyrirtækin. Fyrirtækið gerði út rúmlega tuttugu skip þegar ég tók við starfinu og átti 30 þúsund tonna kvóta í ýmsum tegundum.“

– Er þetta svipaður bransi og hér?

„Já, þetta er mjög svipað. Kvótakerfið er mjög svipað að mestu leyti. Munurinn er sá að það er ekkert hámark hvað hvert fyrirtæki má eiga mikið af kvóta. Fyrirtækið sem ég vann hjá, Fishery Products, á t.d. nær allan sandkolakvóta í Kanada, um 15 þúsund tonn, sem eru um það bil 96% kvótans í þeirri tegund. Annað fyrirtæki átti allan kúfiskkvótann o.s.frv. Nýfundnaland er að sumu leyti svipað og Ísland þegar kemur að byggðamálum. Munurinn er sá að það er miklu meira bjargarleysi þar. Menntunarstig er víða lágt og í Kanada er ólæsi tuttugu til þrjátíu prósent og verst er það á Nýfundnalandi. Að rekast á fólk á mínum aldri sem kann ekki að lesa og skrifa er frekar algengt.“

– Er kvótakerfið uppspretta deilna í Kanada líkt og á Íslandi?

„Það er ekki nákvæmlega sama rifrildið en það er jafn mikið af því. En að mörgu leyti eru þetta sömu málin, þ.e.a.s. eignarhaldsmálin, smáútgerðir gegn þeim stærri og svo bæirnir sem eru að missa kvótann. Það er engin hefð fyrir einstaklingsrekstri á stórútgerð eins og hér. Enginn einn maður á einn togara eða fleiri. Togararnir eru allir í eigu stórra fyrirtækja og einstaklingarnir eiga smábátana.“

Sjálfsbjargarviðleitni og stórfyrirtæki

– Er frjálst framsal á kvóta í Kanada?

„Að mestu leyti eru þær reglur svipaðar og hér. En það sem er skrýtið þarna er þetta bjargarleysi og svolítill skortur á frumkvöðlahugsun. Ef stóra frystihúsið skapar ekki alla vinnunna þá er engin hefð fyrir því að fólk geri neitt annað. Ég held að ástandið sé hvergi eins og hérna á Íslandi. Þrátt fyrir allan kvótann sem hefur farið frá mörgum byggðarlögum er alveg ótrúlegt hvað orðið hefur úr þessum stöðum, þvert á allar dómsdagsspár. Það eru sumir sem gera ekkert annað en að spá fyrir endalokum sjávarútvegs og byggðar á Vestfjörðum og eru svo í losti yfir að þetta sé ekki farið meira til andskotans. Málið er að fólk finnur sér eitthvað annað gera. Mér finnst mjög fínt að vita ekki hvað allir eru að gera á Ísafirði. Oft er ég spurður: Hvaðan koma peningarnir? Svona á þetta að vera. Ég vil helst ekki vita hvaðan peningarnir koma og hvað fólk er að gera. Ég held að menn hafi séð og áttað sig á því þegar stóru frystihúsin fóru yfir um að það er ákveðin feigð fólgin í því að reiða sig á svona fá og einhæf fyrirtæki. Þetta er mjög víða svona í Kanada og víðs vegar í N-Ameríku, þessir eins-fyrirtækis-bæir og ekki bara í sjávarútvegi heldur einnig í timburvinnslu og þessum hefðbundna iðnaði. Fyrirtækin leggja upp laupana og tugþúsunda bæir með þeim og eftir sitja þeir sem hafa minnsta menntun og að sama skapi minnsta hreyfanleikann.“

– Er þetta það sama og hefur verið varað við í kjölfar álvers Alcoa á Reyðarfirði?

„Já. Ég myndi allavega ekki vilja sjá eitt stórt fyrirtæki hér sem gæti labbað í burtu einn daginn og skilið allt eftir í kalda kolum. Þó mörgum finnist ganga hægt þá held ég að við séum að þokast í rétta átt hér vestra. Fyrirtækin verða kannski aldrei mjög stór en þetta hlunkast áfram á þessum grunni þar sem við sjáum súpu af smáfyrirtækjum. Auðvitað er gott að hafa nokkur þokkalega stór fyrirtæki eins og eru á Ísafirði, en ekki eitt eða tvö fyrirtæki sem geta ráðið öllu sem gerist í bænum. Það sem menn gleyma í þessum áliðnaði er að það kostar ekkert að reisa eina álverksmiðju í hlutfalli við stærð rekstursins. Ef álframleiðanda dettur í hug einn daginn að loka einni verksmiðju og flytja sig annað þá er það ekkert mál. Svoleiðis ákvörðun getur stjórnin tekið á stuttum hádegisverðarfundi. Menn víla ekki fyrir sér að loka jafnvel heilu borgunum sem byggja allt sitt á einni verksmiðju. Lyklunum er snúið í skránni einn daginn, til dæmis er General Motors að loka bílaverksmiðjum í Bandaríkjunum þar sem vinna 200.000 manns. Maður finnur það hérna að fólki finnst vanta kjölfestu. Það er ekkert óeðlilegt við að fólk sé eitthvað stressað yfir því að þessa áþreifanlegu kjölfestu vanti en ég lít ekki á það sem vandamál.“

– Er þetta hræðsla?

„Auðvitað er þetta hræðsla. Roosevelt Bandaríkjaforseti orðaði þetta vel í innsetningarræðu sinni í kreppunni miklu 1933 þegar hann sagði að það eina sem menn þyrftu að óttast væri óttinn sjálfur. Ég held að alveg eins og menn tala um að hægt sé að tala upp gengi á fyrirtækjum þá er hægt að tala niður gengi á heilum samfélögum. Það er ekkert sérstakt að gerast hérna á Ísafirði sem réttlætir einhvern uppgang en samt er bullandi uppgangur. Kannski er búið að tala þetta upp alveg eins og þetta var talað niður síðustu 10-20 ár og það er besta mál. Maður var alinn upp við það að kreppan væri á næsta leiti og málsmetandi menn í bæjarfélaginu; útgerðarmenn, verkalýðsforingjar og fleiri lögðu þetta svona upp: Ef þetta gerist, þá fer allt á hausinn og allir flytja burt. Svo gerðist nákvæmlega það sem þeir voru að lýsa og þá beið fólk eftir að himnarnir hröpuðu ofan á hausinn á þeim. Og hvað gerðist? Kvótakerfið var sett á og allt átti að fara í eyði. Ísafjörður er ekki enn farinn í eyði. Samfélagið hefur vissulega látið á sjá en mér finnst vera heilbrigður uppgangur í samfélaginu sem er ekki drifinn áfram af stjórnvaldsaðgerðum og beinni innspýtingu af peningum heldur er það sjálfsbjargarviðleitni íbúanna að þakka.“

– Er ekki hægt að tala um Ísafjörð sem útgerðarbæ lengur?

„Jú það finnst mér, þó að mér sem áhugamanni um skip og útgerð finnist mjög leiðinlegt að sjá ekki fleiri fleiri togara sigla inn sundin. En við erum vön að líta á tímabilið frá 1970 til 1992-95 sem viðmið. En það er bara lítið brot úr sögunni. Stóran hluta af sjöunda áratugnum voru hér nokkrir línubátar og seinna trollbátar ásamt rækjubátunum í Djúpinu en þetta var enginn stórkostlegur floti á landsmælikvarða. Það má heldur ekki gleyma því að talsverður uppgangur hefur verið í útgerð á Flateyri, Suðureyri og Bolungarvík. Það er ekkert atriði að bátarnir landi hér á Ísafirði.“

– Hvernig stendur á báta-áhuga þínum?

„Ég hef haft bátadellu frá því að ég man eftir mér. Það hefur verið á tvo vegu. Annars vegar bátar til að leika mér á sem byrjaði þegar ég var krakki og var að sniglast í kringum pabba en hann hefur alltaf átt bát. Hins vegar er það skipasmíðadellan, semsagt vinnan og það hefur togast á í mér alla tíð hvort er meira alvöru. Er ég að vinna við áhugamálið eða það sem ég menntaði mig í? Ég er búinn að vera í þessu skipasmíðabrölti í tæp tuttugu ár en í sumar ætla ég að prófa að vinna við skútudelluna.“

– Hvað er málið með báta?

„Ég veit það ekki. Ég hef

ð áhuga- nnunni

aldrei verið sjómaður. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir sem ég hef verið til sjós en ég hef alltaf verið tengdur sjónum. En ég held að þetta sé það sama og með fjallgöngurnar sem er enn ein dellan. Maður er einn að glíma eitthvað og það er frelsi fólgið í því.“

Borea Adventures

– Þú varst hér áður fyrr uppi um öll fjöll hangandi utan í klettum, ertu minna í fjallamennskunni í dag?

„Já og nei. Hefur í sjálfu sér minnkað en áhuginn er enn sá sami. Með tilkomu fjölskyldunnar hefur mesti glannaskapurinn bráð af mér. En nú er ég að reyna sameina þetta þ.e.a.s. skútuáhugann og fjallamennskuna og vonandi búa mér til vinnu úr því og ég gæti ekki gert þetta annars staðar en hér. Svæðið býður upp á mikla möguleika að búa sér til vinnu úr þessu tvennu. Ég held að ég sé búinn að prófa allt sem ég get prófað í sambandi við skipasmíðar; skipasmíði, útgerð, hönnun á vinnslulínum og í raun og veru allt sem viðkemur fiskiskipum bæði stórum og smáum. Núna er kominn tími til að prófa hitt, vinna við leikaraskapinn.“

– Þú varst að stofna skútufyrirtæki fyrir stuttu. Þú ætlar semsagt að vinna við leikaraskapinn?

„Við vorum stofna fyrirtækið Borea Adventures, ég í félagi við Rúnar Óla Karlsson og Marij Colruyt og fyrirtækið mun starfa í ferðaþjónustu. Það er nú ekki meiningin að þetta verði full vinna í sumar en vonandi ef allt gengur upp þá verður þetta vinna fyrir okkur hluta úr ári strax næsta sumar.“

– Er þetta búið að blunda í þér lengi?

„Já mjög lengi í einu eða öðru formi. Að blanda saman siglingum, fjallaferðum og skíðaferðum og það er kannski hluti af því að ég var að flytja heim, búinn með þennan áfanga í Kanada að ég ákvað að kýla á þetta. Við keyptum í vor skútu frá Bretlandi, alveg hörkubát og verðum í samstarfi við Bretana sem áttu bátinn og hafa siglt honum hingað með ferðamenn og okkur fannst þetta vera rétti báturinn í þetta. Þeir ætla að vinna með okkur í markaðssetningu.“

– Hefur þessi tegund af ferðaþjónustu verið prófuð áður á Íslandi?

„Nei og það er ekki hægt að gera þetta hvar sem. Vestfirðirnir henta mjög vel. Það eru næg svæði; Djúpið, Jökulfirðirnir, Strandirnar, firðirnir fyrir vestan og þessvegna Breiðafjörðurinn. Hér er best að gera þetta. Svo höfum við möguleika á ferðum til Grænlands og Jan Mayen. Við munum ekki vera í farþegaflutningum og erum ekki að bæta við þá flóru, þetta eru nokkurs konar leiðangrar. Ferðirnar munu taka fimm til tíu daga og það verður gist um borð, farið á skíði, gengið á fjöll og borðaður góður matur. Lykilatriði í þessu er að við getum fært okkur á milli staða þar sem skútan er miðpunkturinn í ferðunum.“

– Þið eruð búnir að fara í prufutúr ekki satt?

„Jú við fórum í prufutúr með skíðamenn frá Kanada og Frakklandi og það var alveg frábært. Okkur fannst rosalega gaman en samt gerðum við okkur ekki grein fyrir hvað þeim fannst þetta mögnuð upplifun. Miklu meiri upplifun en við höfðum gert ráð fyrir. Við vorum í Jökulfjörðunum og það að vera í nýjum firði á hverjum degi fannst þeim alveg frábært. Vorum mjög heppnir með veður, glampandi sól upp á hvern dag og daginn sem við komum heim gerði þreifandi byl.“

– Eru stærri draumar hjá fyrirtækinu?

„Aðalmálið er að komast af stað á þessu svæði og við lítum svo á að svæðið frá Breiðafirði og norður á Strandir sé okkar heimasvæði og það er ýmislegt hægt að gera þar. Því er ekki að neita að við erum spenntir fyrir Austur Grænlandi en þá erum við að horfa lengra fram í tímann. Það er ekki nema rétt dags sigling héðan og til austurstrandarinnar sem er svipað og til Akureyrar.“

– Hugsið þið ykkur að bæta við bátum?

„Við tökum einn bát fyrir í einu en ég er alveg sannfærður um að það er framtíð í þessu. Það sem gerir mig spenntan fyrir þessu er að þetta er ferðamennska sem skilur ekki eftir sig neina slóð. Við förum um á skútu, sem mengar ekki eða gefur frá sér vélagný, leggjumst við akkeri og þegar við erum farnir þá sér ekki nokkur maður að við höfum verið á staðnum. Þetta er umhverfisvæn ferðamennska. Það eru fyrirtæki í svipuðum rekstri og við ætlum að vera í á Suðurskautslandinu, syðst í Suður Ameríku og í norður Noregi eru fyrirtæki sem sigla með fólk til Svalbarða. En það vantar svona ferðir sem eru í seilingarfjarlægð frá Evrópu. Fólk getur komist hingað frá London samdægurs fyrir til þess að gera lítinn pening.“

– Er umhverfisvæn ferðamennska í sókn?

„Ég held það. Þegar við vorum að gera viðskiptaáætlun fyrir fyrirtækið þá horfðum við ekki bara til aðila í útlöndum sem eru í svipuðum rekstri og við, heldur litum við til fyrirtækja hér heima sem eru að selja gönguferðir, kajakferðir, hestaferðir og þessháttar. Við lítum svo á að fólk sem fer í slíkar ferðir séu markhópur okkar. Þetta eru ekki einungis hugsaðar sem ferðir fyrir fólk með áhuga á siglingum.“

Stækka á friðlandið

– Í vetur blandaðir þú þér í umræðuna sem skapaðist um friðlandið á Hornströndum og vegagerð í Jökulfjörðum. Hefurðu áhyggjur af framtíð svæðisins?

„Ég myndi ekki segja áhyggjur. Landeigendur á svæðinu eru upp til hópa með sterkar taugar til svæðisins og vilja halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð síðustu áratugina þ.e.a.s. halda þessu eins og það var og ekki byggja mikið af nýjum mannvirkjum. Málið er að Hornstrandafriðlandið er eitt og lýtur ákveðnum lögum og svo eru þarna svæði sem mér finnst merkileg og verðmæt en falla ekki inn í friðlandið. Í friðlandinu ríkir almenn sátt um að stíga eigi varlega til jarðar í allri uppbyggingu þó að mér finnist að það megi koma upp grunnaðstöðu á helstu ferðamannastöðum friðlandsins til að gera það aðgengilegra. Það sem ég hef gagnrýnt harðast er vegagerðin í Leirufirði og ég fer aldrei ofan af því að þar var siglt undir fölsku flaggi. Ég er alveg sannfærður um að megin tilgangurinn með öllu því vafstri var vegagerð og það klætt í dulbúning trjáræktar. Að opna fyrir vegaframkvæmdir í Jökulfjörðum er svo stór stefnumarkandi ákvörðun að það er ekki hægt að taka hana við eldhúsborðið heima hjá einhverjum. Það þarf að ræða þessi mál í víðara samhengi. Ég er algjörlega á móti því að opnað verði fyrir vegaframkvæmdir í Jökulfjörðum, það eru örugglega margir ósammála mér og það er allt í lagi. Ísafjarðarbær hefur skipulagslögsögu yfir svæðinu og yfirvöld, í samvinnu við landeigendur, þurfa að móta langtímastefnu í málefnum Jökulfjarða og friðlandsins í heild.“

– Gerði bærinn mistök í þessu máli?

„Auðvitað gerði bærinn mistök en það er ekki hægt að kenna fórnarlambinu um. Yfirvöld gerðu þau mistök að vera ekki nógu ströng og viðkomandi aðilum tókst að snuða bæinn og þá var það allt í einu orðið bænum að kenna. Þetta var fyrst og fremst lymskuleg aðgerð sem miðaði að því að lauma vegi inn á svæðið. Enda sýnir það sig að umræðan snýst um veginn en ekki ruðninga sem var ýtt að jökulánni. Leirufjörður er mjög fallegur fjörður og þeir á Leiru eru þekktir fyrir að vera snyrtimenni sem ganga vel um landið. Ég yrði mjög hissa ef það á að verða arfleifð Sólberg Jónssonar að hafa staðið fyrir því að opna þetta svæði fyrir bílaumferð. Ég er ekkert viss um að hann vilji verða þekktur fyrir það.“

– Á að taka alla Jökulfirðina inn í friðlandið?

„Ekki nokkur spurning. Samtímis á að gera langtímastefnumörkun fyrir svæðið og horfa langt fram í tímann. Sumt má milda í núgildandi lögum. Ég sé ekki þörfina á því að tilkynna þurfi um allar ferðir inn í friðlandið á veturna og mér finnst allt í lagi að byggja upp grunnaðstöðu fyrir ferðamenn á ákveðnum stöðum. Aðalatriðið er að vernda heildarímynd svæðisins þ.e.a.s. að það verði ekki umferð vélknúinna ökutækja og að það verði ekki byggt á þeim svæðum þar sem ekki eru byggingar fyrir og það er nokkuð góð sátt um þetta. Mér þætti mjög sárt að sjá byggingar í þeim þremur fjörðum sem eru óbyggðir í Jökulfjörðum. Það eru það mikil verðmæti fólgin í svæðinu eins og það er.“

– smari@bb.is

Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og skyttingu á lánunum

Önnur þjónusta á Netinu:
- Bráðamat
- Ábendingar greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

Láttu draumínn rætast – rafrænt

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda getur þú hringt í okkur, komið og fengið aðstoð hjá ráðgjöfum okkar eða haft samband á Netinu.

Sækja um lán

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á **ils.is**.

Fasteignasalinn aðstoðar þig síðan við að setja kauptilboðið rafrænt inn í umsóknina á Netinu.

Við svörum þér innan fjögurra daga.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

Greifarnir og Spaugstofan meðal skemmtikrafta á Markaðsdeginum

Hinn árlegi Markaðsdagur í Bolungarvík verður haldinn nk.laugardag frá kl. 13-18 og verður boðið upp á fjölda sölubása og fjölbreytta skemmtidagskrá. „Stefnt er að því að Markaðsdagurinn verði stærri og meiri en nokkru sinni fyrr, enda hefur Markaðsdagurinn í Bolungarvík vakið mikla athygli víðs vegar um landið og farið vaxandi ár frá ári. Á markaðnum verður selt nánast allt milli himins og jarðar, gestir geta skemmt sér á milli þess sem þeir versla eða prútta á sölubásunum því frábær skemmtidagskrá hefur verið skipulögð með landsins bestu skemmtikröftum, þar ber helst að nefna hljómsveitina Greifana, Spaugstofan sendir sína menn og hljómsveitin Myst sem slegið hefur í gegn undanfarið leikur frábær lög. Á staðnum verður mikill fjöldi leiktækja fyrir yngri kynslóðina, má þar nefna sem dæmi Go-Kart bíla, risa hoppukastala og fjarstýrða báta.

Auk þess verður sýnd tískusýning og kappleikir á borð við hina árlegu sultukeppni, línuskauta- og hjólreiðakeppni, kassabílarallý og púttkeppni. Dagskrá helgarinnar hefst á föstudag þar sem allir sameinast um að grilla á risagrilli í Hreggnasa gryfju þar sem brekkusöng verður stjórnað af leynigesti við brakandi varðeld. Að brekkusöng loknum verður haldinn dansleikur með Greifunum í Víkurbæ fyrir þá sem eru orðnir 16 ára. Einnig munu þekktir Bolvíkingar, þeir Jónmundur Kjartansson, sem er þekktur fyrir störf sín innan lögreglunnar og Kristján Jón Guðmundsson spila í Kjallaranum.

Á laugardagskvöld verður stórdansleikur með hljómsveitinni Greifunum í Víkurbæ og tónleikar með gítarleikaranum og lagasmiðinum Gumma Jóns sem þekktastur er sem einn meðlimur hljómsveitarinnar Sálin hans Jóns míns. Dagskránni lýkur með stóra vatnsdeginum í Sundlaug Bolungarvíkur þar sem öllum er boðið að taka þátt í risa vatnsslag í öllum fötunum með vatnsbyssum, slöngum, vatnsblöðrum og fleiru að vopni. *– thelma@bb.is*

Sundahöfnin á Ísafirði.

Aukning í aflaverðmæti á milli ára

Alls var ríflega 10 þúsund tonnum af afla landað á Vestfjörðum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, en á sama tíma í fyrra hafði ríflega 13,6 þúsund tonnum verið landað. Þetta er samdráttur í veiðum upp á ríflega 26%. Þar með er þó ekki öll asgan sögð því verðmæti aflans er nokkuð meira í ár, en verðmæti landaðs afla á fyrsta ársfjórðungi er í ár 993,5 milljónir á móti 943,7 milljónum í fyrra. Það er aukning upp á ríflega fimm prósent á milli ára.

Af þorski var 5.984 tonnum landað á fyrsta ársfjórðungi að verðmæti tæplega 623 milljóna, á miðað við 6.442 tonn að verðmæti tæplega 602 milljóna í fyrra. Af ýsu var 1.794 tonnum landað að verðmæti ríflega 132 milljóna, á miðað við 2.201 tonn að verðmæti tæplega 125 milljóna í fyrra. Af steinbíti var þá 1.221 tonni landað í ár að verðmæti tæplega 96 milljóna króna, samanborið við 1.483 tonn í fyrra að verðmæti ríflega 97 milljóna króna.

Tölurnar hér að ofan eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við tímabilin janúar-febrúar árin 2005 og 2006.

Kaupfélag Suðurnesja (Samkaup)

Ágúst tekinn við fasteignafélagi Samkaupa

Ágúst Gíslason, fyrrum framkvæmdastjóri og eigandi verktakafyrirtækisins Ágústs og Flosa ehf., á Ísafirði hefur verið ráðinn til að sjá um fasteignafélag Kaupfélags Suðurnesja, aðaleiganda Samkaupa. „Ég hef verið að læra iðnfræði í Danmörku sem er tveggja ára nám og ætlaði að klára byggingafræði, en svo barst mér atvinnutilboð í vetur sem ekki var hægt að segja nei við," sagði Ágúst í samtali við blaðið.

Aðspurður hvort byggingabransinn fari ekki að kitla fljótlega segist hann ekki hafa áhyggjur af því enda muni hann hafa umsjón með talsverðum framkvæmdum á vegum fasteignafélagsins. Ágúst og fyrirtæki hans, Sundatangi ehf., er nokkuð umsvifamikill á fasteignamarkaðinum á Ísafirði.

Ágúst mun verða búsettur í Keflavík og leggst starfið vel í hann. „Félagið á eitthvað af lóðum og ætlar sér að byggja á þeim, það er framtíðarmúsík í þessu."

– smari@bb.is

Vélsmiðjan á Þingeyri

Sækir um styrk vegna eldsmíðanámskeiðs

Vélsmiðjan á Þingeyri hefur sótt um styrk til Ísafjarðarbæjar til að standa fyrir eldsmíðanámskeiði í gömlu smiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri. Í bréfi sem Kristján Gunnarsson skrifar bæjarráði fyrir hönd vélsmiðjunnar segir meðal annars að eldsmíði sé gömul iðngrein sem stunduð var fyrr á tímum og fari þannig fram að venjulegt járn sé hitað í eldi þar til það mýkist og þá lamið til á steðja og þannig séu búnir til ýmsir nytja- og skrautmunir.

Þá segir hann áhuga á þessari iðnlist mikinn og mikilvægt sé að nýta áhugann nú svo að hæfileikinn gloprist ekki niður í nútímanum. Ekki er pláss fyrir nema 7 manns á námskeiðinu og er því brugðið á það ráð að fá Ísafjarðarbæ til að greiða niður kostnaðinn að nokkru leyti, eða alls um 65.000 krónur, en á móti koma 45.000 krónur í námskeiðsgjald auk þess sem Kristján útvegar sjálfur aðstöðu, tól og tæki. Bæjarráð vísaði erindinu til menningarmálanefndar.

– eirikur@bb.is

Áskriftarsíminn er 456 4560

Björgvin kennir golf á Ísafirði

Kylfingurinn Björgvin Sigurbergsson heldur námskeið og einkakennslu fyrir börn og fullorðna á Ísafirði dagana 30. júní til 2. júlí á æfingarsvæði Golfklúbbs Ísafjarðar í Tungudal. Björgvin er þrefaldur Íslandsmeistari í höggleik og þrefaldur meistari í holukeppni. Þá var hann valinn golfari ársins af ÍSÍ árin 1995, 1998 og 2000.

Boðið verður upp á byrjendanámskeið fyrir fullorðna frá kl. 20-21:30 en er þar hámarksfjöldi 10 þátttakendur og þátttökugjald er 4.000 krónur. Einnig verður haldið hópnámskeið fyrir börn 8-10 ára frá kl. 13-14 og fyrir 11-14 ára frá 14-15 alla dagana. Þátttökugjald er 1.000 krónur. Þess má geta að félagsmenn á aldrinum 15-18 fá einkatíma á 1.000 krónur en annars er þátttökugjald 2.000 krónur fyrir hálfa klukkustund.

Skráning á námskeið Björgvins fer fram í golfskálanum í Tungudal í síma 456-5081. *– thelma@bb.is*

Ferðaþjónustuaðilar athugið!

Þjónustunámskeið á vegum Sæmundar fróða og Fræðsluráðs hótel- og matvælagreina verður haldið á Ísafirði mánudaginn 3. júlí, í Flókalundi þriðjudaginn 4. júlí og í Bjarkalundi miðvikudaginn 5. júlí frá kl. 13 til 17 alla dagana.

Námskeiðið er niðurgreitt af Landsmennt.

Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á slóðinni www.frmst.is og í síma 456 5025.

Ísafjarðarkirkja

Messa sunnudaginn 2. júlí kl. 11:00. Björgunarbátur Slysavarnafélagsins blessaður.

Kaffi á eftir í safnaðarheimilinu. Prestur er sr. Magnús Erlingsson.

Atvinna

Starfskraftur óskast. Vinnutími frá 14-18. Upplýsingar í versluninni.

Silfurtorg, Silfurgötu 1, Ísafirði.

Smáauglýsingar

Óska eftir bílasíma. Upplýsingar í síma 456 4028.

Til sölu er geislaspilari með innbyggu útvarpi og sjónvarpi. Uppl. í síma 847 9197.

Óska eftir uppþvottavél og ísskáp á góðu verði. Upplýsingar í síma 847 3856.

Til sölu er nýr og ónotaður Quicksilver slöngubátur. Stærð 2,70. Uppl. í síma 892 1474.

Afmæli

Þórdís Þorleifsdóttir, Heiðarbraut 2, Hnífsdal verður **sjötug** mánudaginn 3. júlí. Í tilefni afmælisins býður hún vinum og ættingjum að gleðjast með sér í Oddfellowhúsinu á Ísafirði laugardaginn 1. júlí frá kl. 17-20.

Þráinn Á. Garðarsson verður **sextugur** 1. júní nk. Í tilefni þess blæs hann til veislu á afmælisdaginn og býður ættingjum, vinum og kunningjum að fagna með sér. Veislan verður haldin í félagsheimilinu í Súðavík og stendur frá kl. 18. Boðið verður upp á grillmat og léttar veitingar.

Chatchai og Anna Ragnheiður sigruðu á Íslandssögumótinu

Chatchai Phothtya (GBO) sigraði án forgjafar í karlaflokki í Íslandssögumótinu í golfi sem haldið var á Tungudalsvelli á sunnudag. Chatchai fór holurnar 18 á 76 höggum. Annar varð Sigurður Fannar Grétarsson (GÍ) á 79 höggum og í þriðja sæti varð Magnús Gautur Gíslason (GÍ) einnig á 79 höggum. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) sigraði án forgjafar í kvennaflokki á 86 höggum. Önnur var Bára Margrét Pálsdóttir (GP) á 88 höggum og Brynja Haraldsdóttir (GP) var þriðja.

Grétar Sigurðsson (GÍ) sigraði með forgjöf í karlaflokki á 65 höggum en Guðbjartur Flosason (GBO) varð í öðru sæti á 68 höggum og Óðinn Gestsson (GÍ) þriðji á 68 höggum. Bára Margrét Pálsdóttir sigraði með forgjöf í kvennaflokki á 71 höggi. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir varð í öðru sæti einnig á 71 höggi og Brynja Haraldsdóttir varð þriðja á 73 höggum.

Verðlaunahafar á Íslandssögumótinu. Ljósm: Gylfi Sigurðsson.

Nándarverðlaun á 6. braut hlaut Skjöldur Pálmason (GP), Magnús Jónsson (GBB) hlaut nándarverðlaun á 7. braut, Chatchai Phothtya, á 15. braut og Hólmar Jóhann Hinriksson, (GÍ) á 16. braut. Chatchai Phothtya var með lengsta teighögg á 13. braut og Sigurjón Guðmundsson (GÍ) var með fæst pútt. Mótið er hluti af mótaröð sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum og styrkt af fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri. – *thelma@bb.is*

Fyrsti lykillinn að Digital Íslandi afhendur

Fyrsti myndlykillinn að Digital Íslandi, stafrænu útsendingakerfi 356 ljósvakamiðla, á Ísafirði var afhendur hjá Pólnum á þriðjudag í síðustu viku. Var það Ásdís Pálsdóttir sem fékk fyrsta lykillinn en stefnan var að 400 lyklar yrðu afhendir þann dag og á miðvikudag en þá voru þjónustuaðilar 365 á svæðinu. Fyrst um sinn verða átta stöðvar í boði á stafrænu formi þ.e. Stöð2, Stöð2 bíó, Sirkus, NFS, Sýn, Sýn extra, RÚV og Skjár Einn. – *thelma@bb.is*



Ásdís Pálsdóttir tekur við fyrsta myndlyklinum að Digital Íslandi á Ísafirði úr hendi Hrannar Ámundadóttur frá 365.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gamli skólinn hverfur

Gamli barnaskólinn á Ísafirði hefur verið rifinn þótt hann hafi náð 100 ára aldri og eigi sér sögu. Framhliðin var friðuð. Hálfur skaði er betri en allur. Sjálfsagt hentaði húsið ekki nýjum tíma og þörfum. Ekki sýnast miklar líkur á fjölgun nemenda að óbreyttum forsendum. Ber nýrra við þegar eru gömul hús á Ísafirði eru rifin. Horfinn barnaskóli bjó ekki að menningarsögulegu gildi, nema framhliðin. Vonandi segir það ekkert um starfið sem fram fór innan veggja í rúma öld. Ekki er friðunarskylda á húsum reistum fyrir 1918, en leita skal álits húsafriðunarnefndar.

Tilgangur húsafriðunarlaga er að vernda gömul hús sem hafa menningarlegt gildi. Vernda skal íslenska byggingararfleifð er hefur menningarsögulegt gildi. Lengi hefur verið staðinn vörður um gamlar merkilegar byggingar á Ísafirði, líka innflutt hús frá Noregi. En þetta hús sem hýsti skóla frá 1901 til 2006 er ekki talið nógu merkilegt til að hljóta vernd. Svona gerast kaupin á eyrinni. Byggt verður hús fyrir 371 milljón króna. Kemur það í stað gamla skólans. Skyldi það standa og þjóna nemendum árið 2013 þegar liðin verða 105 ár frá því notkun hófst?

Ljósmyndin af undirritun samninga var eftirtektarverð. Að baki félaganna sem rita undir samninginn stóra, bæjarstjóra, formanns byggingarnefndar framtíðarhúsnæðis Grunnskólans á Ísafirði, varaformanns umhverfisnefndar og fulltrúa Vestfirskra verktaka má sjá leifar gamla skólans og er frekar létt yfir undirskrifendum. Þetta er gangur lífsins. Nýtt tekur við af gömlu. Voru ekki aðrir kostir? Sjálfsagt var unnt að finna þá. Þetta er val fulltrúa okkar í bæjarstjórn. Vonandi leiðir framtíðin í ljós að skynsamlega var að verki staðið.

Ekki verður aftur snúið. Með hvaða aðferðum á að fylla húsið nemendum? Því er vandsvarað meðan fátt bendir til fjölgunar okkar hér í Ísafjarðarbæ. Auðvitað er sá kostur fyrir hendi að allir nemendur bæjarins muni stunda nám í Grunnskólanum á Ísafirði er fram líða stundir. Næst um það samstaða?

Einhverjum kann að þykja nóg um spurningar og lítið um svör. Dýrt er að reisa hús og dýrt er að reka þau. Bjartsýni um framtíð byggðar ræður alltaf gerðum okkar að einhverju leiti og hún má vissulega ekki víkja fyrir úrtöluröddum. Engu að síður verður að grunda hana á raunsæi og því sem gera má ráð fyrir með eðlilegri skynsemi.

Öll viljum við veg byggðar á Vestfjörðum sem mestan. Þótt byrlegar mætti blása eru teikn á lofti. Vilji fólks er mikill og bjartsýni nokkur. Okkur fækkar. Stóriðja verður ekki lausnin. Til hennar skortir pólitískan vilja. Þá er ljóst að við styðjumst við smærri skammta í einu, en þeir verða þá að vera margir. Húsbyggingar einar duga ekki þó góðar séu.

Sigurður Pétursson, sagnfræðingur á Ísafirði skrifar

Forarvilpur samgönguráðherra

„Vegasamgöngur á Vestfjörðum uppfylla ekki þær lágmarksgrunnþarfir sem samfélög krefjast í dag.“ Þetta er niðurstaða skýrslu Hagfræðistofnunar frá því í vor eins og hún birtist í frétt Bæjarins besta 19. apríl 2006. Þar segir ennfremur að vegasamgöngur séu skemmst á veg komnar á Vestfjörðum og Norðausturlandi.

Niðurrifsgrýlan

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga ritaði ég grein um forgangsmál í samgöngum á Vestfjörðum og átaldi þar frammistöðu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og ráðherra hans í þeim málum. Þar var líka deilt á þjónkun heimamanna við valdsmenn, sérstaklega þeirra sem standa framarlega í flokki samgönguráðherrans. Þjónkun sem birtist í sama lífsmottói og í sögu H. C. Andersens um naglasúpuna: „Þökkum það sem hendi er næst, en fáumst ei um það sem ekki fæst.“

Þannig hafa forystumenn Sjálfstæðisflokksins hér í Ísafjarðarbæ lofað og prísað allar framkvæmdir í samgöngumálum, stórar og smáar, eins- og þær séu alveg sérstakur greiði sem samgönguráðherra vinni fyrir okkur Vestfirðinga. Þeir sem benda á þá staðreynd að framkvæmdir í samgöngumálum eru eðlileg og sjálfsögð uppbygging á innra kerfi samfélagsins, líka hér á Vestfjörðum, eru ekki bara sagðir vanþakklátir, heldur líka illa innrætt niðurrifsöfl. Það mátti lesa í skrifum opinberra og óopinberra aðstoðarmanna samgönguráðherrans fyrir síðustu kosningar.

Ástand vega á Vestfjörðum

Í grein minni benti ég á nokkrar staðreyndir um ástand samgöngumála á Vestfjörðum og rifjaði upp fögur loforð síðustu tveggja eða jafnvel þriggja alþingiskosninga í þeim málum. Auðvitað er alltaf vont að láta minna sig á loforð sem ekki hafa verið uppfyllt, sérstaklega kosningaloforð. Og eftir þau stóryrði sem aðstoðarmenn og ráðherra höfðu látið flakka fyrir kosningar, lá við að ég væri farinn að halda að ég hefði bara alls ekki verið hér fyrir vestan síðustu ár og þekkti hreint ekkert til ástands mála. Og til að vera alveg viss hafði ég augun virkilega vel opin nú í mánuðinum þegar ég átti leið um Djúpið og aftur þegar ég fór yfir að Hrafnseyri um síðustu helgi. Jú, viti menn, það hafði ekkert breyst, frá því í fyrra. Kleifin, eða Eyrarfjall, milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar var enn á sínum stað. Vegurinn var bara helmingi verri en í fyrrasumar. Hvar var brúin yfir Mjóafjörð og nýi vegurinn sem þeir lofuðu að kæmi þegar Fagranesið hætti að sigla um Djúpið? Eru ekki komin tíu ár síðan? Ég sá hvergi að framkvæmdir í Mjóafirði væru komnar af stað. Eru það huldumenn sem þar vinna verkin? Hrafnseyrarheiðin er líka enn á sínum stað og hvergi sést í jarðgöng. Ekki einu sinni vinnuflokk að gera tilraunaborun. Eftir þetta sannfærðist ég um það að allar staðreyndir úr grein minni frá því fyrir kosningar stæðu óhaggaðar:

1. Það er enn ekki komið slitlag á veginn um Ísafjarðardjúp.

2. Það er enn ekki byrjað á því að þvera Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi.

3. Það eru ekki enn byrjaðar framkvæmdir við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Sigurður Pétursson.

Alveg sama hvað samgönguráðherra belgir sig, aðstoðarmenn hans gjamma eða hjálparhellur hans hér heima rífa sig. Þetta eru blákaldar staðreyndir.

Svo allrar sanngirni sé gætt, þá hafa auðvitað verið framkvæmdir á vegum og flugvöllum á Vestfjörðum síðustu árin. Það hafa líka verið framkvæmdir á vegum og flugvöllum allt í kringum landið á síðustu árum. Það er búið að endurnýja allar helstu leiðir um, að og frá Snæfellsnesi, bara svo dæmi sé tekið. Það er líka búið að gera tvenn jarðgöng á Austufjörðum. Allt eru það þarfar framkvæmdir.

Loforð ráðherrans

Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, ritaði grein sem birtist þrem dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar á vefsíðu bb.is og sama dag í blaðinu Bæjarins besta. Þar rakti hann helstu afrek sín sem ráðherra samgöngumála, einkum sem snúa að Vestfirðingum. Þar tilkynnti hann í valdi síns embættis, að í sumar verði gerðar rannsóknarboranir vegna tveggja jarðganga á Vestfjörðum. (Samgönguráðherra lofaði reyndar rannsóknum til undirbúnings jarðgangaframkvæmda fyrir síðustu alþingiskosningar. Það má sjá á heimasíðu hans 1. maí 2003. Eru þær fyrst að fara í gang núna, þrem árum síðar?). Og Djúpvegi verður lokið árið 2008. „Guð láti gott á vita.“ sagði gamla fólkið og við tökum undir það Vestfirðingar. Það eru líka að koma kosningar aftur eftir eitt ár, og þá er gott að rifja upp gömul loforð og endurnýja þau.

Hótanir ráðherrans

Sturla Böðvarsson er nefnilega ekki bara samgönguráðherra, æðsti yfirmaður samgöngumála allra landsmanna, hann er líka stjórnmálamaður, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Og hann virðist ekki skilja þarna á milli. Í grein hans, sem er undirrituð: „Sturla Böðvarsson samgönguráðherra“, stendur þetta: „Það er von mín að samgönguráðuneytið geti áfram átt gott samstarf við þá öflugu sveit sem leitt hefur bæjarmálin á Ísafirði undir styrkri stjórn sjálfstæðismanna ... Það er því mikilvægt að tryggja áfram sterka stöðu sjálfstæðismanna við stjórn bæjarmála á Ísafirði. ... Miklum árangri síðustu ára yrði fórnað með því að koma til valda ósamstæðum hópi þriggja flokka. Sá hópur á sér ekkert annað sameiginlegt en að komast til valda. Þessa uppskrift er búið að prófa með R-listanum í höfuðborginni. Það ætti að vera nægjanlegt víti til að varast.“

Þetta eru kaldar kveðjur frá handhafa framkvæmdavaldsins á Íslandi til mín og annarra sem buðum okkur fram fyrir Í-listann í Ísafjarðarbæ, og til allra þeirra 1003 kjósenda sem studdu okkur. Sturla Böðvarsson fellur þarna í forarvilpu valdhroka og hótana sem ekki á heima í lýðræðissamfélagi. Þess konar vinnubrögð eru því miður farin að sjást æ oftar, einkum hjá valdsmönnum úr flokki Sturlu. Sturla Böðvarsson sagði kjósendum í Ísafjarðarbæ, að ef þeir ekki kysu hans flokk, þá myndi hann refsa þeim sem samgönguráðherra!

Forarvilpurnar á Þorskafjarðarheiði og Kleifinni í Ísafjaðardjúpi eru nógu slæmar, fyrir okkur Vestfirðinga, þó að samgönguráðherra leiði ekki íbúa fjórðungsins inni í forarvilpu stjórnmála þar sem hótunum og undirmálum er beitt til að halda völdum.

Sigurður Pétursson.

Mikil aukning í ferðum hjá ferðaþjónustubátnum Sædísi

Sumarið lítur vel út fyrir Freydísi sf. en fyrirtækið býður upp á bátaferðir frá Norðurfirði í Árneshreppi og eru helstu áfangastaðir Hornvík, Reykjarfjörður og Bolungavík á Ströndum en þar er fyrirtækið einnig með gistihús. Að sögn Reimars Vilmundarsonar hjá Freydísi sf. þá stefnir í að helmings aukning verði á sætafjölda milli ára.

„Við fluttum um 700 farþega í fyrra en miðað við pantanir þá stefnir þetta í 1200 til 1300 farþega núna.“ Gert var ráð fyrir þremur ferðum í viku en Reimar segir að sér sýnist að hann verði á ferðinni alla daga í júlí. Aðspurður hvað veldur þessari aukningu telur hann að gistiaðstaðan í Hornbjargsvita hafi þar mest að segja. Seldar gistinætur í Bolungavík eru með svipuðu móti og í fyrra. Keyptur var nýr bátur til fyrirtækisins í vor, Sædís ÍS og segir Reimar hann reynast vel. „Við vorum að ganga frá öllum leyfum og tímabilið er að hefjast, fluttum m.a. gesti í fermingarveislu í Reykjarfjörð um síðustu helgi.“ Síðasta áætlunarferð Sædísar er 18. ágúst. *– smari@bb.is*

Sædís ÍS.

Menntaskólinn á Ísafirði

Staða raungreinakennara 2006-2007

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir raungreinakennara í fullt starf skólaárið 2006 til 2007. Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 86/1998 um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og KÍ.

Umsóknir skulu sendar Ingibjörgu S. Guðmundsdóttur, skólameistara, Álftalandi 15, 108 Reykjavík, fyrir **mánudaginn 10. júlí 2006.** Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg S. Guðmundsdóttir í síma 892 8077.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skólameistari.

Námsstyrkur til vestfirskra kvenna

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur. Tilgangur sjóðsins er að veita vestfirskum konum námsstyrki. Sjóðurinn styrkir nám á sviði menningar og lista, hérlendis sem erlendis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2006. Umsóknum ásamt námsvottorðum, staðfestingu og upplýsingum um fyrirhugað nám sendist til undirritaðra.

Sigrún Guðmundsdóttir,
Hjallavegi 23, 400 Ísafjörður.
Netfang: sigrunogbiggi@simnet.is

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir,
Menntaskólanum á Ísafirði. Pósth. 97,
400 Ísafirði. Netfang: inggu@kvenno.is

Umboðsmaður

Bæjarins besta óskar eftir að ráða umboðsmann í Bolungarvík sem sér um að koma blaðinu til söluaðila.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Sigurðardóttir í síma 861 6005.

Rokkhátíðin Hafstraumar

Skúli Þórðarson hitaði upp í búningsherberginu, sem var í gámi. Ljósmyndir: Birgir Þór Halldórsson.

Góð stemning var á Friðþjófstorgi á Patreksfirði þegar tónlistarhátíðin Hafstraumar var sett daginn fyrir sjómannadag þrátt fyrir að þoka hefði lagst yfir fjörðinn þá um nóttina. Blaðamaður Bæjarins besta hafði margoft verið sagt að sjómannadagshelgin á Patreksfirði væri engu öðru lík, og þegar við þá gríðarlega fallegu goðsögn bættust fréttir um að halda ætti rokkhátíð á svæðinu beið hann ekki boðanna heldur pakkaði niður svefnpoka og óð út á þjóðveginn vopnaður engu nema þumalputtanum og gríðarlegum rokkþorsta. Ferðin var farin í stórkostlegri veðurblíðu og tók ekki nema þrjár klukkustundir, þrátt fyrir einstaklega góðan hálftíma á göngu um náttúrufegurð Barðastrandarinnar. Um það bil einum sólarhring eftir að lagt var í hann var tónlistarhátíðin Hafstraumar að hefjast.

Það voru þeir Atli Snær Keransson, Halldór Gunnar Pálsson og Steinar Snæbjörnsson sem áttu veg og vanda að skipulagningu hátíðarinnar. Aðspurður segir Flateyringurinn Halldór að sig minni að hugmyndin hafi kviknað á Langa Manga á Ísafirði. „Mig minnir að við Atli höfum verið inni á Langa Manga og borist hafi í tal hversu gaman væri að halda tónleika á sunnanverðum Vestfjörðum“, segir Halldór „Atli er Patreksfirðingur og við fengum Steinar, sem er Tálknfirðingur, í lið með okkur. Svo fór bara allt á fullt. Við erum búnir að sinna þessu af einhverju viti frá áramótum, vinna í því að fá styrktaraðila og hljómsveitir. Það gekk ótrúlega vel og við erum rosalega þakklátir fyrir hversu auðsótt var að fá fólk til að taka þátt.“

Þokumúsík

Nokkur bleyta var á svæðinu við upphaf tónleikanna sökum stöku skúra og var veðrið gestum óneitanlega nokkur vonbrigði í ljósi þeirrar stórkostlegu veðurblíðu sem notið hafði daginn áður. En líkt og sönnum Vestfirðingum sæmir leyfðu gestir sér fyllilega að gleyma veðrinu um leið og dagskráin hófst. Mannlífið á Friðþjófstorgi var fjölskrúðugt þar sem saman voru komnir partíglaðir einstaklingar af yngri kynslóðinni í bland við fjölskyldufólk, barnahópa og eldri borgara. Kraftakeppninni var nýlokið kl. 19 þegar fyrstu skemmtiatriðin voru að búa sig undir að fara á svið, en fresta þurfti dagskránni, sem átti að hefjast kl. 18, um eina klukkustund sökum þess að ekki var flugveður í fjörðinn. „Ómar Ragnarsson er fastur í Reykjavík og Sign sömuleiðis“, sagði Halldór Gunnar, sem var á þönum baksviðs.

Fyrst á svið var eina stúlkan sem lék á hátíðinni, heimamærin Lilja Sigurðardóttir. Hún settist feimnislega á bak við rafmagnspíanó og lék tilfinningasamar ballöður sínar, frumsamdar, fyrir gesti við þónokkuð lófaklapp. Lilja lék þó ekki nema fáein lög og óhætt er að segja að tempóið hafi verið komið í fljúgandi sving þegar hinn elektróníski Patreksfirðingur Þorvaldur Thoroddsen mætti á sviðið ásamt bassaleikaranum Þorbirni Gísla. Þeir félagar léku undarlega blöndu af teknómúsík og hetjufönki sem Jón Kr. Ólafsson, popparinn fornfrægi, nefndi „þokumúsík“ og skírði sjálfsagt í höfuðið á veðurfarinu.

Jón Kr. gerir góða lukku

Á meðan Þorvaldur og Þorbjörn léku þokumúsíkina birtist skyndilega kunnuglegur maður á svæðinu: rauðhærður, sköllóttur og afskaplega ör. Hann þaut yfir Friðþjófstorg, mógúll íslenskrar gleðimenningar sjálfur Ómar Ragnarsson. „Ég lenti bara á Barðaströndinni“, sagði Ómar óðamála. „Það var ekki séns að lenda hér í firðinum“, bætti hann svo við og benti út í svartaþokuna.

Ómar hóf strax að undirbúa sjóið, fann sér fiskikar til að skuggaboxa við, teygði úr limum eftir flugið og lét höggin dynja á röku þokuloftinu. Á sama tíma hófst söngprógram Jóns Kr. Ólafssonar sem kvaddi til leiks sjálfar melódíur minninganna og leyfði þeim að leika lausum hala um hlustir áhorfenda. Jóni til halds og traust voru engir aukvisar og skyldi þar fyrstan nefna einhverja mestu gítarhetju Íslendinga fyrr og síðar, sjálfan Gunnar Þórðarson sem gerði sér lítið fyrir og skutlaðist vestur á Patreksfjörð á fólksbílnum, að sögn ekki síst til að komast úr ólofti höfuðborgarsvæðisins. Á bassagítar var svo Súgfirðingurinn Vernharður Jósepsson og á trumbur lék Önfirðingurinn Önundur Pálsson. Jón byrjaði á því að syngja nokkra gamla standarda áður en hann renndi sér í lagið sem hann er einna best þekktur fyrir: Ég er frjáls, sem upphaflega var flutt af hljómsveitinni Facon, og átti það sjálfsagt að vera lokalagið. Af því gat þó ekki orðið þar sem áhorfendur ætluðu sér ekki að sleppa takinu af Jóni svo auðveldlega og var hann að lokum kallaður það oft á svið að upphaflega prógrammið var orðið lengra en venjulega prógrammið og hefði hann þó sjálfsagt komist upp með að spila langleiðina fram á haust hefði hann kært sig um það.

Álgerður Nótt

Lítilsháttar töf varð á dagskránni þegar í ljós kom að diskarnir sem Ómar Ragnarsson hafði tekið með sér til undirspils fundust hvergi og mátti sjá leiftrandi rauðri skellu bregða fyrir víðs vegar á Patreksfirði um nokkurra mínútna skeið þegar Ómar sneri öllu við í leit að diskunum, sem fundust þó sem betur fer fljótlega. Einhverjir höfðu reyndar á orði að fullhátt heyrðist í diskunum þegar til kastanna kom og að Ómar hefði mátt syngja meira sjálfur, en hann virtist bæði syngja undir hjá sjálfum sér auk þess sem gestasöngvarar voru nokkrir á diskunum. Undantekningin var þó lagið „Til hamingju Ísland“ sem Íslendingar þekkja líklega best í flutningi Silvíu Nætur, sem Ómar tók í obbulítið breyttri útgáfu og söng um „Álgerði Nótt“ en eins og kunnugt er á hálendið sannkallaðan vin í Ómari.

Fulltrúi Ísfirðinga var næstur á svið. Blúshundurinn Skúli Þórðarson var mættur til Patreksfjarðar án undirleiks Sökudólganna sem jafnan hafa fylgt honum um harmanna heim síðustu misserin. Skúli söng af miklum trega, eins og alltaf, og í lokalaginu bauð hann þeim Halldóri Gunnari Pálssyni, Kristni Gauta Einarssyni, Stefáni Baldurssyni og Valdimari Olgeirssyni að taka lagið með sér, sem hleypti stórkostlegu fútti í hinar sorgarþrungnu lagasmíðar Skúla. Svo vel vildi til að þegar laginu lauk var næsta hljómsveit nær öll mætt á svið, enda skipa áðurnefndir undirleikarar hljómsveitina Húsið á Sléttunni ásamt látúnsbarkanum bolvíska Birgi Olgeirssyni. Þeir piltarnir þutu strax af stað í gríðarlega rokksveiflu frumsamdra laga, og skelltu svo Led Zeppelin slagaranum Immigrant song lipurlega inn í prógrammið.

Yoga-æfingar og veisla í Hvíta húsinu

Á meðan Húsið á Sléttunni lék sinn rokkhátíðarblús undirbjó tálknfirska sveitin Equal sig af miklum móð, og þó helst söngvarinn sem bukkaði sig og beygði í búningsherberginu af fádæma listfengi; og sá blaðamaður ekki betur en hér væri um þaulstílfærðar Yoga-æfingar að ræða. Ekki reyndist heldur vanþörf á teygjunum þegar á senuna var

Skipuleggjendur hátíðarinnar, Halldór Gunnar Pálsson, Atli Snær Keransson, Steinar Snæbjörnsson og rótarinn Ásgeir settu hátíðina með pompi og pragt.

Jón Kr. Ólafsson ásamt Gunnari Þórðarsyni og sonum.

komið því þá hafði söngvarinn uppi alls kyns leikfimiæfingar, stóð á haus og gekk allur upp og niður sem mest hann mátti. Hljómsveitin lék að eigin sögn „tónlist án landamæra“, einhvers konar teknósuðu á meðan söngvarinn flutti ljóð, að því er virtist af fingrum fram.

Næstu gestir voru ekki heldur langt fjarri ljóðlistinni, en þar voru mættir hipphopparar arnir Ágúst Bent og Dóri DNA. Bent þekkja líklega flestir úr hljómsveitinni XXX Rottweiler hundar, sem gerði það gott um árið, og Dóri DNA er best þekktur sem meðlimur Bæjarins bestu, auk þess sem hann kveður sínar rímur frjálsum hætti í DV. Piltarnir áttu þrælgóða innkomu á sviðið og náðu auðveldlega að svissa áhorfendum úr rokkgírnum í hipphoppstemningu.

The Viking Giant Show kom í kjölfar þeirra Bents og Dóra, en þar var á ferð enginn annar en Heiðar Örn Kristjánsson, kenndur við Botnleðju, vopnaður kassagítar og trommuheila. Úr þessu vopnabúri náði Heiðar að töfra hressilega stemningu og í eftirminnilegasta laginu flutti hann tónleikagesti með sér í veislu með forseta Bandaríkjanna, Party at the White House.

Klykkt út með heimspekirokki og hreðjarokki

Blaðamanni hafði verið tjáð að hljómsveitin Wulfgang væri með því heitasta sem gerðist á mölinni þessa dagana, og reykvískur ljósvaki beinlínis kiknaði undan seiðandi rokkmúsíkinni. Sjálfir nefna þeir tónlistina heimspekirokk, og væri ekki fjarri lagi að draga heimspeki existensíalismans inn í þá jöfnu því titrandi rödd söngvarans tjáði gestum mikla sálarangist, sem fögnuðu sem mest þeir máttu.

Síðastir, en fráleitt síst, mættu á sviðið piltarnir í hljómsveitinni Atómstöðin, sem áður voru þekktir undir hinu furðulega heiti Tvö dónaleg haust. Atómstöðin leikur beinskeytt, vafningalaust hreðjarokk, og fóru mikinn á sviðinu á Patreksfirði. Söngvarinn fór úr að ofan, eins og sæmir hreðjarokkurum, og hnykkti sér allur til og frá með miklum kynferðistilburðum.

„Alveg frábært“

Þegar blaðamaður Bæjarins besta bjallaði svo í Halldór að lokinni hátíð til að spyrja hvernig þeim félögum þætti hátíðin hafa tekist til átti hann vart orð til að lýsa ánægju sinni. „Mér fannst þetta alveg frábært“, segir Halldór. „Það var ekkert vesen, bara eitt atriði sem komst ekki, en hljómsveitin Sign var veðurteppt í Reykjavík. Það verður nú bara að heita gott á Vestfjörðum að einungis eitt atriði falli úr dagskrá vegna veðurs. Ég held líka að allir hafi verið sáttir við hvernig til tókst, og trúðu mér þetta hefði getað farið miklu verr!“ segir Halldór hlæjandi. Aðspurður segir hann að til standi að halda hátíðina aftur að ári. „Að sjálfsögðu verður hún aftur að ári. Þetta er bara byrjunin. Stefnan er nú að stofna sjóð eða samtök í kringum batteríið. Við höfum ekki útfært þetta mikið en hugmyndin er sú að búa til sjóð sem allir þeir sem iðka tónlist á Vestfjörðum geta sótt í. Það er næsta skref og við erum að leita okkur að bakhjörlum til þess, og þá eru allar hendur vel þegnar, bæði peningahendur og sterkar hendur. Það tókst reyndar ótrúlega vel að fá fólk til að styrkja Hafstrauma og hjálpa til, sérílagi miðað við að hátíðin er alveg ný af nálinni. Svo hittumst við bara öll aftur á Patró á sjómannadegi að ári“, segir Halldór að lokum.

Þess má geta að lokum að auk þeirra fjölmörgu handa sem komu að hátíðinni voru einir ellefu styrktaraðilar, þ.e. Oddi, Sæferðir, Sparisjóður Vestfirðinga, Kók, Vesturbyggð, Kjöt og Fiskur, Fjölval, KáEss, Mjóni ehf., Marel og Bílaleiga Akureyrar.

– eirikur@bb.is

Feiknalegur hamagangur var í Atómstöðinni.

Frá saltfiskveislunni í fyrra.

Fyrsta saltfiskveislan á laugardag

Nú styttist í að saltfiskveislurnar í Neðstakaupstað fari að hefjast, en sú fyrsta í röðinni verður nk. laugardag, 1. júlí. Hefð hefur komist á fyrir því að Byggðasafn Vestfjarða standi fyrir fyrstu veislunni og fái nokkra kunna alþýðukokka til að útbúa hlaðborðið með sólþurrkuðum fiski af reit safnsins í Neðstakaupstað. Þá mun Saltfisksveit Villa Valla leika undir borðhaldinu og laða fram nokkur óvænt dansspor hjá gestunum, að því er fram kemur í tilkynningu.

Villa Valla til fulltingis eru þau Jóhanna Þórhallsdóttir söngkona, Tómas R. Einarsson bassaleikari, Páll Torfi Önundarson gítarleikari og Matthías M.D. Hemstock slagverksleikari. Fólki er bent á að tryggja sér miða hjá safninu í símum 456 3297 og 456 3299 eða í 896 3291, því bókanir eru þegar komnar vel af stað og sætafjöldi takmarkaður.

ÍSAFJARÐARBÆR

LAUSAR STÖÐUR VIÐ SÓLBORG

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði auglýsir lausa stöðu aðstoðarmatráðs frá 1. september nk. Um er að ræða 87,5% starfshlutfall. Æskilegt er að viðkomandi sé sjálfstæður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði, mentað og séð góður í mannlegum samskiptum. Einnig eru lausar afleysinga- og skilastöður. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára.
Nánari upplýsingar veitir Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 456 3185, netf: solborg@isafjordur.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali

Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Fax: 456 4547 • Netfang: elgvi@fsa.is
Heimasíða: www.fsa.is

Nýjar og glæsilegar íbúðir í fjölbýlishúsi með lyftu, rúmgóðar þriggja herbergja íbúðir ásamt bílastæði í bílageymslu á jarðhæð.
16,2 & 19,2

233 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er einangrað að utan og klætt með málmklæðningu, bílskúr er úr timbri.
10.000.000,-

199,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum með bílageymslu. Nýrri hluti hússins var byggður árið 1979 samkvæmt FMR. Mjög gott útsýni yfir fjörðinn.
ATH. 16.900.000,-

194 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, einangrað og klætt með steni klæðningu, mikið endurnýjað, nýtt eldhús.
13.000.000,-

198 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, klætt með hvítri klæðningu, litið bílskúr, baðherbergi endurnýjað nýlega.
8.700.000,-

187 m² einbýlishús á tveimur hæðum, klætt með hvítri klæðningu og einangrað, innbyggður bílskúr.
Tilboð óskast

Fjölmenni var statt á Hrafnseyri á 195 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar. Myndir: Páll Önundarson.

Fjölmenni á þjóðveldishátíð á Hrafnseyri

Fjölmenni sótti þjóðveldishátíð á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní sl., til að fagna því að 195 ár eru liðin frá því að frelsishetjan Jón Sigurðsson fæddist þar. Hátíðardagskráin hófst með guðsþjónustu í minningarkapellu Jóns Sigurðssonar þar sem séra Þórný Guðmundsdóttir predikaði og séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur á Þingeyri þjónaði til altaris. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur flutti hátíðarræðu og Eiríkur Finnur Greipsson, formaður Hrafnseyrarnefndar, ávarp. Þá söng Oddný Sigurðardóttir, óperusöngkona, nokkur lög við undirleik Margrétar Gunnarsdóttur.

Auk þess héldu vaskir Íslandsmeistarar í glímu glímusýningu. Að loknum hátíðarhöldum bauð Hrafnseyrarnefnd öllum hátíðargestum í þjóðhátíðarkaffi. Páll Önundarson var á hátíðinni og tók þar meðfylgjandi myndir. *– thelma@bb.is*

Þessir hressu Þingeyringar komu ríðandi á hátíðina.

Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur flutti hátíðarræðuna.

Stefnir í metþátttöku í Mýrarboltanum

Það stefnir í metþátttöku í Mýrarboltanum á Ísafirði í ár að sögn Jón Páls Hreinssonar, stjórnarmeðlims Mýrarboltafélags Íslands. „Það er mikill áhugi fyrir mótinu og mun meiri en undanfarin ár. Markaðsátak hefur skilað sér í stóraukum fjölda á heimasíðuna og eins hefur aukinn áhugi á knattspyrnu vegna HM skilað sér til Mýrarboltans. Miðað við áhugann sem við fáum núna stefnir í metþáttöku í ár og ef svo verður stefnum við að því að gera mótið að stórviðburði árið 2007.“

Fyrsta mýrarboltamótið var haldið á Ísafirði haustið 2004 en Ísfirðingar kynntust íþróttinni í gegnum viðburðaskiptaverkefnið Usevenue sem Ísafjarðarbær er þátttakandi í. Þá var haldið Evrópumót í Mýrarbolta í fyrra, sem vakti mikla athygli á landsvísu. Í ár verður ekki eingöngu keppt um Evrópumeistaratitilinn heldur eru margir titlar í boði, má þar nefna sem dæmi drullugusta leikmanninn. Núverandi Evrópumeistarar eru lið Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar í karlaflokki og í Hnífsdal og Gleðisveit Gaulverjahrepps hjá konum.

Mestur virðist áhuginn vera af höfuðborgarsvæðinu og hafa nokkur fyrirtæki skráð lið til þátttöku. „Við erum mjög kátir með áhugann en myndum vilja meiri áhuga frá kvenþjóðinni. Metþátttaka kvenna var í fyrra með fimm lið og við vonumst til þess að geta tvöfaldað það í ár. Mýrarbolti er nefnilega alls ekki bara fyrir karlmenn og viljum við hvetja allar konur til þess að byrja að safna í lið“, segir Jón Páll.

Frá Mýrarboltanum í fyrra.

Upphaf þessarar óvenjulegu íþróttar má rekja til skóglendis Norður-Finnlands þar sem er að finna talsverð mýrlendi sem myndast á auðum blettum í skóginum eftir að tré hafa verið höggvin. Á einu slíku svæði var byrjað að spila knattspyrnu á litlum velli. Í byrjun var þetta eingöngu til skemmtunar en þróaðist fljótlega yfir í keppni þar sem lítil mót voru haldin á svæðinu. Fyrir fjórum árum var byrjað að skipuleggja stærra mót í kringum þessa sérstæðu íþróttagrein sem í dag er orðið stór viðburður í N-Finnlandi.

Mýrarboltamótið verður haldið 11-13 ágúst. Skráningar og nánari upplýsingar má finna á vef Mýrarboltans á slóðinni myrarbolti.com.

– thelma@bb.is

„ÞETTA SNÝST FYRST OG FREMST
UM AÐ HAFA GOÐA YFIRSÝN“
458 8000 // www.landflutningar.is
Landflutningar
SAMSKIP

mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu
Hjaltadóttur, thelma@bb.is sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 28. júní, 181. dagur ársins 2006

Þennan dag árið1941 fjölmenntu hestamenn víða af landinu til Þingvalla. Þetta var undanfari landsmóts hestamanna það árið.

Þennan dag árið 1959 neytti María Andrésdóttir í Stykkishólmi kosningaréttar í Alþingiskosningum, 100 ára að aldri. Hún varð 106 ára.

Þennan dag árið 1973 var samþykkt á aðalfundum Flugfélags Íslands og Loftleiða að sameina félögin.

Þennan dag árið 1977 var stór stafur aftur tekinn upp í þjóðarheitum og nöfnum á íbúum landa og landshluta þegar menntamálaráðuneytið gaf út auglýsingu um breytingar á þriggja ára gömlum reglum um stafsetningu

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 25 árum

Faktorsdóttirin frá Ísafirði

Hún er komin til Íslands, hún Magga Ásgeirsson, eins og hún var gjarnan kölluð á Ísafirði um og eftir aldamótin, þessi kjördóttir Ásgeirs G. Ásgeirssonar faktors og stórveldis á staðnum. Nú heitir hún frú Margit Scott og verður níræð í ágústmánuði. Þegar hún frétti að verið væri að gera upp Faktorshúsið til varðveizlu, varð hún ekki í rónni fyrr en hún gat farið til Íslands og fært Ísfirðingum gamlar myndir. Jón Páll Halldórsson, form. friðunarnefndar, segir að þær verði vel þegnar, þar sem mjög lítið sé til af myndum af staðnum frá þessum tíma. Ég vildi koma til Íslands því þar eru rætur mínar, sagði þessi erna, gamla kona við fréttamann Mbl., sem hitti hana á Hótel Heklu morguninn eftir að hún kom til landsins og daginn áður en hún hélt til Ísafjarðar í fylgd með syni sínum.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Austlæg átt og rigning eða súld, en þurrt að mestu á Norður- og Norðvesturlandi. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:
Suðvestlæg átt og víða skúrir, síst þó á Norðausturlandi. Lítið eitt kólnandi.

Horfur á sunnudag:
Suðvestlæg átt og víða skúrir, síst þó á Norðausturlandi. Lítið eitt kólnandi eða 7-15 stig.

Horfur á mánudag:
Útlit fyrir suðvestanátt og vætusamt veður.

Spurning vikunnar

Ert þú hlynnt(ur) vísindaveiðum á hval við Íslandsstrendur?

Alls svöruðu 726. – Já sögðu 617 eða 85% – Nei sögðu 65 eða 9% – Hlutlausir voru 44 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hvað er að frétta? · Soffía Vagnsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur

Gaman að lifa í Bolungarvík

„Hér er sumarið að byrja og mesta törnin afstaðin í bæjarpólitíkinni í bili. Fyrsta bæjarstjórnarfundur var haldinn á fimmtudag og sendur út af netinu sem tókst vel. Búið að velja í allar nefndir og svo bíðum við núna eftir að síðasti umsóknardagur um bæjarstjórastarfið er lokið en sem verður í fyrstu vikunni í júlí. Það er mjög gleðilegt að það er mjög mikill áhugi fyrir starfinu. Við horfum því björtum augum fram á við. Það eru nokkur verkefni framundan en minn hugur er farinn að leita yfir á Hesteyri eftir að fá smá hvíld en ég kemst ekki strax því nú er mesta sumartörnin í bæjarmálum. Bæjarstjórnin er í fríi fram í september og bæjarráðið er við störf á meðan. Bolvíkingar hafa tekið breytingum í pólitíkinni mjög vel og nú bíðum við átekta. Það er gaman að lifa í Bolungarvík núna og mikið líf í bænum. Um helgina voru frábærir tónleikar snillingsins Guðmunds Jónssonar frá Sálinni hans Jóns míns á nýopnuðum skemmtistað hér í bæ Vaxxon. Og margt er framundan t.d. markaðsdagshelgin og ball með Greifunum um næstu helgi.“

Ferðin hófst á kynningu á Hótel Ísafirði.

Vestfirðir: Allt öðruvísi upplifun

Árni Brynjólfsson bóndi á Vöðlum lék ljúfa harmónikkutóna fyrir gestina.

Hópur fulltrúa fyrirtækja og stofnana á Ísafirði héldu út í óvissuna í síðustu viku í boði Vesturferða, Ísafjarðarbæjar, SKG veitinga, Flugfélag Íslands, Markaðsstofu Vestfjarða og Hótel Ísafjarðar. Óvissuferðin var liður í kynningu á Ísafirði og nágrenni sem heppilegs staðs fyrir fundi og ráðstefnur en markmiðið er að laða til bæjarins fleiri fundi og ráðstefnur. Þannig er hægt að lengja ferðamannatímabilið og auka tekjur þeirra sem starfa í ferðaþjónustu auk þess sem það stuðlar að bættri ímynd Ísafjarðar að bjóða upp á eftirminnilega fundi í skapandi umhverfi. Á liðnum árum hafa ferðaþjónar á Vestfjörðum unnið að því að útbúa hagnýtar upplýsingar um Ísafjörð sem vænan kost fyrir funda og ráðstefnuhald. Unnið hefur verið töluvert að því að auka fjölbreytni dægradvalar og bæta þjónustuna. Aðdráttarafl staða og vonin um að fundargestir er mikilvæg og er mikill metnaður hjá ferðaþjónustuaðilum að gera dvöl gestanna sem ánægjulegasta með því að skipuleggja ferðir með samblandi af vinnu, uppákomum og skemmtun í anda heimamann. Þá eru samgöngur góðar við Ísafjörð og nærsveitir. Með endurbættum Þingeyrarflugvelli minnka líkur á að veður hamli flugi og 85% leiðarinnar til Reykjavíkur er malbikuð. Netsamband er einnig öruggt.

Ein leið til að kynna bæinn og þjónustuna sem er í boði er að virkja bæjarbúa sem gestgjafa, þ.e. íbúa svæðisins, atvinnurekendur, þátttakendur í félagsstarfi og aðra sem geta haft áhrif á staðarval fyrir ráðstefnur.

Haldið út í óvissuna

Ferðin hófst á Hótel Ísafirði

Borgin mín · Judith Amalía Jóhannsdóttir, starfsmaður Sjóvá á Ísafirði

Ítalski kúltúrinn heillandi

„Mér dettur í hug strax Flórens því ég bjó þar og líkaði vel út af endurreisninni, menningunni, allri listinni og arkitektúrinum. Fleiri borgir í Ítalíu eru í uppáhaldi en ítalski kultúrinn, maturinn og vínið, heillar mig. Svo var ég nýlega í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þar var mjög skemmtilegt,voða mikið líf og allir glaðir. Einnig fór ég nýlega til Þórshafnar í Færeyjum og þar er allt svo einfalt og stutt að fara. Þetta eru þær borgir sem ég gæti vel hugsað mér að búa í en það er ómögulegt að koma með tæmandi lista yfir uppáhaldsborgirnar mínar.“

Orðrétt af netinu · Össur Skarphéðinsson

Stríð og friður

Nokkrar athugasemdir voru gerðar við pistilinn minn um stjórnarskrárnefndina, sem verðskulda svar í nýjum pistli. Áhugasamir lesendur geta skoðað þær þar. Í tilefni af þeim vil ég upplýsa að Stjórnarskrárnefnd hefur haldið opnar ráðstefnur, og átt aðild að fleiri slíkum. Sérstök ráðstefna var haldin til að leyfa öllum sem vilja koma athugasemdum og hugmyndum á framfæri. Fjöldamargar slíkar hafa borist. Nefndin hefur sömuleiðis undir tillögur sem lagðar hafa verið fram á Alþingi. Fundarferðir nefndarinnar eru á netinu. Svo ég á erfitt með að fallast á að nefndin starfi með leynd, þó við nefndarmenn greinum ekki frá umræðum á fundum hennar, misklíð og ágreiningi, eða eftir atvikum sammæli. Ég veit ekki um nokkra nefnd sem vinnur þannig - við erum ekki Framsóknarflokkurinn þar sem maður og annar er hogginn hvenær sem einhver liggur við höggi. Þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir - hver sem hún er - þá verður hún að sjálfsögðu gerð opinber.

þar sem kynning á efninu fór fram og boðið var upp á léttar veitingar. Svo var mannskapnum hóað upp í rútu og keyrt af stað til móts við það ókunna. Fyrsti viðkomustaðurinn var fossinn í Vestfjarðagöngunum. Í miðjum göngum stöðvaði rútan og ferðalangarnir fengu að berja augum beljandi fossinn innan í miðju fjalli.

Þaðan var haldið til Flateyrar þar skoðað var óopnað safn í einu elsta húsi Önfirðinga; gömlu bókabúðinni. Húsið var byggt 1898 og var þar í tæp 100 ár verslunarrekstur, lengst af verslanirnar Bræðurnir Eyjólfsson og Bókaverslun Jóns Eyjólfssonar. Safnið opnaði á sunnudag og er gestum boðið að stíga inn í búðina og skoða gamlar bækur, tímarit, tæki og húsgögn. Fannst í brot úr fortíðinni. Einnig bauðst óvissuferðalöngunum að skoða alþjóðlegt brúðusafni og handverkshús í Félagsbæ.

Því næst var förinni heitið í fjósið á Vöðlum sem er mjög nútímalegt og tæknilegt. T.d. dæmis þarf ekki að handmoka flór heldur er það gert með aðstoð nútímatækni. Mjaltabásar voru skoðaðir en þar er notað sjálfvirkur mjólkunarbúnaður , svokallaður mjólkurróbot. Farið var yfir ævi-

Boðið var upp á heilgrillað lamb á Kirkjubóli í Bjarndal.

ágrip kúarinnar; hvenær hún byrjar að mjólka og hvenær hún á að eignast kálfa o.s.frv. og svo tók bóndinn á bænum upp harmónikku og lék nokkur lög fyrir gestina við góðar undirtektir.

Lokaviðkomustaður var á Kirkjubóli í Bjarnadal en þar reka tveir bræður gistiheimili ásamt eiginkonum sínum. Boðið var upp á heilgrillað lamb sem snætt var undir berum himni. Hafði það verið fjóra tíma að eldast yfir opnum eldi og rann vel niður ásamt bökuðum kartöflum og salati. Þegar gestirnir höfðu étið nægju sína og átt saman góða stund í guðsgrænni náttúrunni var kominn tími til þess að halda heim á leið.

Það var ánægt og glatt fólk sem prílaði upp í rútuna enda þótti ferðin heppnast afar vel. Ljóst er að heimamenn geri sér ekki fulla grein fyrir öllu því sem umhverfið hefur upp á að bjóða en það er öðruvísi upplifun en nokkurs staðar annars staðar. Tilvalið er að sameina fundarhald og skemmtiferðir um nágrennið í faðmi fjalla blárra. Óhætt er að segja að margir munu hafa Ísafjörð og nágrenni í huga næst þegar ákveða á hvar næsti fundur eða ráðstefna verði haldin.

– thelma@bb.is

Brennslan mín · Kristján Geir Þorláksson, tölvufræðingur hjá Snerpu á Ísafirði

Bongólagið kemur mér alltaf í gott skap

1. Where the streets have no name – U2

U2 er ein af mínum uppáhalds hljómsveitum og því byrja ég á að velja þeirra allra, allra besta lag af meistaraverki þeira Joshua tree. The Edge fer á kostum í laginu með gítarleik sem enginn leikur eftir.

2. Where is my mind – Pixies

Frábært lag sem hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér í gegnum tíðina. Lagið kom út árið 1988 á plötunni Surfer Rosa, og er eftir Black Francis en það var kærasta hans á þessum tíma fann textann við þetta lag í ruslafötunni og sagði honum að henda ekki svona góðum texta. Lagið er eitt vinsælasta Pixies lag allra tíma og fékk endurnýjun lífdaga þegar það var sett í myndina Fight Club hér um árið.

3. Fake plastic trees – Radiohead

Thom Yorke söngvari Radiohead tók upp sönginn í þessu lagi í tveimur tökum og féll síðan niður og grét heil ósköp eftir. Lagið er tekið af annari plötu Radiohead, The Bends. Þess má geta að lagið var í 376 sæti á lista yfir 500 bestu lög heims sem valinn var af tímaritinu Rolling Stone. Radiohead eru bara æði.

4. Something in the way – Nirvana

Því var haldið fram að Kurt Cobain hafi sofið á næturnar undir brú í heimabæ sínum, Aberdeen og að þar hefði textinn við þetta lag orðið til en Cobain var þá heimilislaus. Það kom síðan fram í ævisöguriti um Cobain að ef hann hefði gist undir þessari tilteknu brú á næturnar þá hefði honum væntanlega skolað út í Wishkah ánna á háflæðinu. Lagið er af Nevermind og er þetta mitt uppáhalds Nirvana lag.

5. Teardrop – Massive Attack

Massive Attack hélt tónleika í íþróttahúsinu í Kaplakrika árið 1998 ef mig minnir rétt. Það voru nokkrar hræður sem mættu en að mínu mati eru þetta einir bestu tónleikar sem haldnir hafa verið, enda líktust þessir tónleikar frekar stóru partý en tónleikum þar sem hljómsveitarmeðlimir og tónleikagestir töluðu saman eins og bestu vinir allt kvöldið.

6. Kelly watch the stars – Air

Platan Moon Safari með Air kom út árið 1998 og kom þessari frönsku hljómsveit á kortið. Ég er þess sannfærður um að þessi plata hafi verið gerð til þess að hlusta á þegar maður fer að sofa enda held ég að ég hafi sofnað út frá þessari plötu allan veturinn 1998-1999.

7. Trouble – Coldplay

Flott píanó ballaða og þeirra þriðja lag sem komst inn á topp 10 í Bretlandi árið 2001 af plötunni Parachutes. Coldplay eru ýmist hataðir eða elskaðir og ekkert þar á milli, ég er seinni hópnum við miður góðar undirteknir annars fjölskyldumeðlims.

8. Born slippy – Underworld

Þetta lag minnir mig alltaf á þann tíma sem ég bjó á Laugarveginum í Reykjavík en þá var mikið djammað og hlustað á þétta danstónlist.

9. No good (Start the dance) – The Prodigy

Við þetta lag var dansað nánast allt sumarið 1994, heyrði lagið fyrst út í Portúgal á einum dansklúbbnum þar. No Good var á repeat alla leið frá Reykjavík og hingað heim úr sólinni. Án efa eitt flottasta danslag sem gert hefur verið.

Kristján Geir Þorláksson.

10. Played alive – Safri Duo

Þetta lag er oftast kallast bongó lagið. Þetta er frábært danslag sem kemur mér alltaf í gott skap og það besta við þetta lag er að eldri sonur minn kom dansandi í heiminn þegar þetta lag hljómaði í útvarpinu.

Stuttar fréttir

Baugur Group veitir styrki

Leikfélögin Baldur á Bíldudal og Litli Leikklúbburinn á Ísafirði fengu 500 þúsund króna styrk úr styrktarsjóði Baugs Group á sunnudag. Alls var úthlutað um 41,5 milljón króna til verkefna víða um land. Leikfélaginu Baldri var veittur styrkur vegna uppsetningar á barnaleikritinu Rauðhetta og úlfurinn sem frumsýna á um helgina. Styrkurinn sem Litli Leikklúbburinn fékk fer til endurbóta á aðstöðu klúbbsins í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Frá þessu er greint á vef Baugs Group.

OV ætlar að byggja

Orkubú Vestfjarða hefur óskað eftir því að nýta lóð OV við Mjósund til þess að byggja nýja aðveitustöð á Ísafirði. Nýja stöðin á að koma í stað aðveitustöðvarinnar í Stórurð. Fyrirspurn OV og Landsneti hf vegna málsins var tekið fyrir á fundi umhverfisnefndar í síðustu viku. Til vara var sótt um lóð með sambærilega kosti og sú við Mjósund fyrir aðveitustöðina. Þá er óskað eftir lagnaleið fyrir tvo 66 kV strengi frá núverandi aðveitustöð í Stórurð, að nýrri staðsetningu aðveitustöðvarinnar. Umhverfisnefnd lagði til að formaður og bæjartæknifræðingur ræði við umsækjendur.

Ómar áfram sveitarstjóri

Samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps á fimmtudag að endurráða Ómar Már Jónsson sem sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, jafnframt því sem hann gegnir embætti oddvita. Það var varaoddviti hreppsins, Barði Ingibjartsson, sem gerði tillögu um að Ómar yrði ráðinn sveitarstjóri. Varaoddvita var svo falið að gera ráðningarsamning við Ómar til ársins 2010 sem leggja á fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

PÓSTURINN
allur pakkinn

Skrifað undir verksamning vegna nýs grunnskólahúsnæðis á Ísafirði

Á fimmtudag voru undirritaðir samningar milli Vestfirskra verktaka og Ísafjarðarbæjar um byggingu nýs húsnæði við Grunnskóla Ísafjarðar. Undirskriftin fór fram við gamla barnaskólann, en hluti hans verður rifinn auk tengibyggingar sem liggur að nýja barnaskólanum. Hafist var handa við það verk í byrjun mánaðarins og er áætlað að verkið verði komið á fullt skrið um mitt sumar. Þrjú tilboð bárust í verkið og var tilboð Vestfirskra verktaka lægst, en þeir buðu krónur 370.813.369, sem er 102,7% af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 361. 217.369 krónur.

Þegar rætt var við Hermann Þorsteinsson hjá Vestfirskum verktökum fyrir stuttu sagði hann verkið vera það stærsta sem boðið hefur verið út í byggingabransanum hér vestra um langt árabil, og að það myndi reynast fyrirtækinu góður grunnur. Skólastarf í nýju húsnæði á að hefjast haustið 2008.

Húsnæðisþörf GÍ á næsta ári verður mætt með því að nýta efri hæð Sundhallarinnar sem skólahúsnæði og nýta annað nærliggjandi húsnæði eftir þörfum fyrir þá nemendur sem stundað hafa nám í gamla barnaskólanum. Gert er ráð fyrir byggingu stigahúss á bakhlið sundhallarhússins. Þá stendur til að bæta aðstöðu nemenda á skólalóð, en nokkuð þrengist um á núverandi lóð við framkvæmdirnar, og hefur meðal annars verið í umræðunni að leyfa börnunum að leika sér á Austurvelli, eða að loka Austurvegi alveg fyrir bílaumferð og gera þar tímabundna skólalóð.

Skrifað var undir samninga vegna nýs skólahúsnæðis á skólalóð Grunnskóla Ísafjarðar á fimmtudag. Fyrir aftan má sjá þá hlið gamla barnaskólans sem verið er að rífa.

Menntaskólinn á Ísafirði.

Menntaskólinn á Ísafirði

Nemendum fækkar

Fram kom í Morgunblaðinu fyrir stuttu að aðsókn að framhaldsskólum er alltaf að aukast og horfir svo við hjá sumum skólum að vísa þarf nemendum frá. Ástandið er ekki það slæmt að ekki takist að útvega öllum sem vilja pláss en væntanlegir nemendur verða að sætta sig við í einhverjum tilfellum að komast ekki í þá skóla sem þeir sækja um inngöngu í.

Hjá Menntaskólanum á Ísafirði horfir þetta öðruvísi við og fækkar nemendum milli ára. Að sögn Ólínu Þorvarðardóttur fráfarandi skólameistara hafa um 280 nemendur skráð sig til náms í dagskóla og er það fækkun frá fyrra ári. Reynsla undanfarinna ára sýnir að endanlegar tölur um aðsókn að skólanum liggi ekki fyrir fyrr en um miðjan ágúst þar sem nemendur í kvöldskóla og þeir sem eru að snúa aftur til náms innriti sig frekar seint. Árgangurinn sem útskrifaðist úr grunnskóla í vor er eitthvað minni en undanfarin ár.

Taka ber fram að aðsókn að Menntaskólanum á Ísafirði síðustu ár hefur verið með mesta móti.

– smari@bb.is

Hæstu meðallaun á Vestfjörðum eru í veitustarfsemi, en stærsti atvinnurekandinn í þeirri grein er Orkubú Vestfjarða.

Konur einungis rétt ríflega hálfdrættingar karlmanna í tekjum

Meðal atvinnutekjur í aðalstarfi á Vestfjörðum voru tæplega 2,6 milljónir króna árið 2006. Þó nokkur munur er á launum eftir kyni en á meðan meðalatvinnutekjur karla voru tæplega 3,2 milljónir á ári voru meðalatvinnutekjur kvenna ekki nema tæplega 1,9 milljónir á ári. Konur eru því ekki með nema um 60% af meðal atvinnutekjum karla. Hæstu meðallaun voru í veitustarfsemi eða tæplega 4,6 milljónir á ári. Þar eru karlar með tæplega 4,9 milljónir á ári en konur einungis tæplega 2,3 milljónir á ári. Næst hæstu meðallaunin voru í fjármálaþjónustu eða ríflega 3,1 milljón á ári og voru karlmenn með tæplega 4,8 milljónir en konur með tæplega 2,8 milljónir.

Konur eru með umtalsvert lægri laun en karlar í öllum starfsgreinum að undanskildum landbúnaði, en þar eru einnig langlægstu meðallaunin, 486 þúsund krónur á ári. Þar eru karlmenn með 403 þúsund krónur en konur með 619 þúsund krónur. Karlar fá því einungis 65% af meðallaunum kvenna í landbúnaði.

Atvinnutekjur eru beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks. Ef fleiri en ein atvinnugrein kemur til greina telst aðalatvinnugrein veru sú sem mestum tekjum skilar í hverjum mánuði. Meðalatvinnutekjur er summar árstekna fyrir aðalstarf í hverri atvinnugrein deilt með meðalfjölda starfandi. Þetta má túlka sem meðalárslaun í aðalstarfi ef unnið er alla tólf mánuði ársins. Meðalatvinnutekjur eru óháðar vinnutíma í mánuði og því er ekki um ársverk að ræða.